


# FLE BLAÐIÐ



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Janúar 2015

1. tölublað  
37. árgangur

## Norrænn endurskoðunarstaðall

## Samtímaeftirlit og endurskoðendur

Rafræn stjórnsýsla

Skattskylda þrotabúa

Áhugaverð skattamál





## Útg: Félag löggiltra endurskoðenda ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð ritnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarrétthafa.

## Vinnsla blaðsins

### Ritnefnd FLE:

Ólafur Már Ólafsson, formaður  
Arnar Már Jóhannesson  
Ingvi Björn Bergmann

### Prentun: Guðjón Ó

**Umsjón:** Hrafnhildur Hreinsdóttir  
Janúar 2015, 37. árgangur 1. tölublað



## Skrifstofa FLE, helstu upplýsingar

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15

Sími: 568 8118, Tölvupóstfang: [fle@fle.is](mailto:fle@fle.is), Vefsíða FLE: [www.fle.is](http://www.fle.is)

Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri [sigurdur@fle.is](mailto:sigurdur@fle.is)

Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri [fle@fle.is](mailto:fle@fle.is)

## Fylgt úr hlaði

Útgáfa FLE blaðsins hefur verið í höndum Kynningarnefndar FLE um árabil. Nafni nefndarinnar var breytt á árinu og heitir hún nú Ritnefnd og telst ekki lengur vera ein af fastanefndum FLE og er því skipuð sérstaklega af stjórn FLE. Hlutverk Ritnefndar verður þó áfram útgáfa FLE blaðsins og önnur tilfallandi verkefni vegna kynningarefnis frá FLE.

Vinnsla blaðsins hefur gengið ágætlega og berast nefndinni greinar víða að. Efnistöð í blaðinu eru hefðbundin blanda af efni sem tengist félagsstarfinu og reynt er að nálgast þau mál sem ofarlega eru á baugi hverju sinni. Þá er í blaðinu viðtal við og grein frá endurskoðendum erlendis.

Borið hefur í auknum mæli á að kallað sé eftir lausnum vegna endurskoðunar smærri fyrirtækja og hefur starfshópur verið að störfum á vegum FLE um breytingar á endurskoðunarskyldu þeirra félaga. Umfjöllun um þetta efni er í blaðinu en einnig er grein sem fjallar um reglur og viðmið sem gilda um lögboðna endurskoðun og undanþáguákvæði vegna þeirra. Áhugavert verður að fylgjast með þróun þessara mála á næstu misserum.

Ritnefnd FLE vonar að lesendur hafi gagn og gaman af efni blaðsins og færir öllum greinarhöfundum og þeim sem komu að útgáfu þess bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Janúar 2015,  
Ólafur Már Ólafsson, Arnar Már Jóhannesson  
og Ingvi Björn Bergmann.

## Efni blaðsins:

|                                                                                      |    |
|--------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Af stjórnarborði .....                                                               | 2  |
| Starfsemi FLE Atriði úr skýrslu frá aðalfundi 2014.....                              | 4  |
| Löggildingarpróf og nýir félagar 2014 .....                                          | 6  |
| Norrænn endurskoðunarstaðall fyrir litlar einingar.....                              | 7  |
| Samtímaeftirlit og endurskoðendur .....                                              | 10 |
| Mikill skóli að vinna erlendis .....                                                 | 13 |
| „Áhugaverð skattamál á nýliðnu ári“ .....                                            | 15 |
| Réttnefni eða mýraljós? Athugasemd um hugtakið viðskiptavild í reikningsskilum ..... | 17 |
| Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2014 - 2015 .....                      | 20 |
| Golfannáll endurskoðenda sumarið 2014.....                                           | 21 |
| Skattskylda og skattframtalsskil þrotabúa .....                                      | 23 |
| Rafræn stjórnsýsla á tímamótum? .....                                                | 25 |
| Til hamingju með afmælið - árið 2015 .....                                           | 28 |
| Endurskoðun í Danmörku.....                                                          | 29 |
| Nær öll fyrirtæki á Íslandi eru lögum samkvæmt undanþegin endurskoðun.....           | 31 |
| Endurskoðunarnefndir .....                                                           | 34 |



Ritnefnd FLE. Frá vinstri: Ingvi, Ólafur og Arnar.



## Af stjórnarborði

*Sturla Jónsson er formaður FLE*


Félag löggiltra endurskoðenda hélt aðalfund sinn þann 1. nóvember sl. Var þá kjörin ný stjórn hjá félaginu sem þó var lítið breytt frá stjórn undangengis starfsárs. Einu breytingarnar voru að Ljósbrá Baldursdóttir tók sæti Örne Tryggvadóttur. Stjórnin mun því halda áfram á sömu vegferð og áður en stjórnarstarfið hefur snúið töluvert um endurskipulagningu og mótun framtíðarsýnar á hlutverki félagsins og innra skipulagi, auk þess sem félagið hefur unnið markvisst að því að félagið hafi sterka rödd við innleiðingu á breytingum regluverks um endurskoðendur og ársreikninga hér á landi í kjölfar nýrra tilskipana Evrópusambandsins og annarrar þróunar á alþjóðavettvangi.

Á aðalfundinum voru gerðar tvær breytingar á fastanefndum félagsins. Í fyrsta lagi lagði stjórn til að siðanefnd félagsins yrði lögð niður og endurskoðunarnefnd tæki við hlutverk hennar. Eftir þýðingu siðareglna og gerð bæklinga um útboðsmál hefur nefndin ekki haft mikið fyrir stafni auk þess sem nafn nefndarinnar hefur þótt villandi. Það hefur komið fyrir að aðilar utan félagsins hafi talið að nefndin hafi svipað hlutverk og siðanefnd lögmanna hefur, sem er nefnd sem fjallar um ágreining milli lögmanna og umbjóðanda eða kvartanir á hendur lögmanna og er skipuð samkvæmt lögum. Farvegur fyrir slík mál hjá endurskoðendum væri endurskoðendaráð. Í öðru lagi var kynningarnefnd, sem áður sinnti helst útgáfu FLE blaðsins og hefur komið að uppsetningu heimasíðu félagsins, tekin út sem ein af fastanefndum félagsins. Hún mun hér eftir nefnast ritnefnd og vera stjórnskipuð.

Nú stendur yfir frumvarpsgerð í Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti er snýr að innleiðingu svonefndar ársreikningatilskipunar Evrópusambandsins. Þessi tilskipun gæti haft umtalsverð áhrif á framsetningu ársreikninga félaga hér á landi, þá sérstaklega þeirra allra minnstu. Hún gæti einnig leitt til töluverðra breytinga á endurskoðunarskyldu félaga. Því er ljóst að innleiðingin gæti haft umtalsverð áhrif á stétt okkar. Félagið hefur fengið aðkomu að innleiðingarferlinu með fulltrúa í ráðgefandi hópi sem er starfsmönnum ráðuneytisins innan handar við frumvarpsgerðina og verður þessu áriðandi verkefni gefinn töluverður gaumur á starfsárinu af hálfu stjórnar og Reikningskilanefndar félagsins.

Í desember hélt stjórn sinn árlega stefnumótunarfund þar sem unnið er að helstu áherslum starfsársins. Á fundinum fær stjórn til sín formenn fastanefnda félagsins til að fara yfir hvað er á döfinni í nefndarstarfinu og til að fá innlegg í stefnumótunarumræðuna. Á fundinum skapaðist töluverð umræða um ímynd stéttarinnar meðal almennings. Ástæða þeirrar umræðu nú má rekja til niðurstöðu vörumerkjakönnunar sem Capacent gerði á síðasta ári og voru niðurstöðu hennar kynntar þátttakendum undir lok ársins.

Vörumerki fimm endurskoðunarfyrirtækja voru meðal þeirra sem spurt var um. Voru þátttakendur í könnunni spurðir um til hvaða vörumerkja þeir þekktu. Nokkrar spurningar um vörumerkin fylgdi í kjölfarið. Ein þeirra spurninga var hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) viðkomandi væri gagnvart þeim vörumerkjum sem hann þekkti til. Niðurstöðurnar voru nokkuð





Formaður hugsi á hádegisfundi.



Á reikningsskiladegi. Sturla og Ingunn ráðstefnustjóri.

sláandi fyrir þau fimm endurskoðunarfyrirtæki sem áttu vörumerki í könnuninni en þau röðuðu sér meðal þeirra vörumerkja sem fengu slökustu einkunn líkt og meðfylgjandi mynd ber með sér. Endurskoðunarfyrirtækin fimm eru sérstaklega auðkennd á grafinu sem er birt með góðfúslegu leyfi Capacent.

Samkvæmt upplýsingum frá Capacent var starfsgreinin sem heild áberandi neðarlega í þessum hluta könnunarinnar og sú starfsgrein sem deildi verstu einkunn með endurskoðunarfyrirtækjunum á grafinu voru helst smálánafyrirtækin svokölluðu. Niðurstöður könnunarinnar eru því ótvíræðar. Álit almennings á endurskoðunarfyrirtækjum fer ekki hátt og ekki hægt að draga aðrar ályktanir en þær að stéttin búi við ímyndarvanda.

Undanfarin ár hafa ýmsir endurskoðendur haft það á orði, bæði í ræðu og riti, að traust til endurskoðunarstéttarinnar beið hnekki í kringum hrun fjármálakerfisins árið 2008. «Deyr fé, deyja frændur, deyr sjálfur ið sama. En orðstír deyr aldregi hveim er sér góðan getur, segir í gestaþætti Hávamála og hafa þessi orð lifað með íslensku þjóðinni um aldir alda enda hverju orði sannari. Og ætli sama gildi ekki um vandan orðstír enda er það gömul saga og ný að traust til fyrirtækja, stofnana, fag-

stétta eða einstaklinga getur hrunið á mjög skömmum tíma en tekur jafnan langan tíma að byggja upp.

Það er þó ekki svo að félagið hafi setið aðgerðalaust frá árinu 2008. Félagið hefur reynt að sporna við neikvæðri fjölmiðlaumfjöllun og stuðlað að gagnrýnni og opinni umræðu á vettvangi félagsins um málefni endurskoðunarstéttarinnar. Félagið hefur lagt sig fram við að koma áleiðis skilaboðum um hvað í starfi endurskoðenda felst og hlutverki þeirra í viðskiptalífinu. Sú gagnrýni hefur þó ratað inn á stjórnarborðið að félagið ætti að vera meira áberandi í opinberri umræðu en verið hefur og láta víðar til sín taka, þótt sitt sýnist vissulega hverjum í þessum efnum.

Traust til stéttarinnar er hornsteinn endurskoðunarstarfsins. Þó svo traust fagaðila, ss. fjárfesta, fjármálafyrirtækja og viðskiptalífsins sé okkur ofarlega í huga er traust almennings til stéttarinnar okkur einstaklega mikilvægt. Það er því stefna núverandi stjórnar að gefa ímyndarmálum stéttarinnar sérstakan gaum á árinu, svo og á komandi árum enda ljóst er hér er um langtíma verkefni að ræða.

Sturla Jónsson



Frá stjórnarfund: Sturla, Margrét, Sigurður framkvæmdastjóri, Árni og Anna Birgitta.



## Starfsemi FLE

### Atriði úr skýrslu frá aðalfundi 2014

*Sigurður B. Arnþórsson er framkvæmdastjóri FLE*

Á starfsárinu 2013-14 stóð félagið fyrir tuttugu og fimm atburðum sem veittu 52 endurmenntunareiningar. Árið áður var framboðið tæplega 60 einingar. Á liðnu ári mættu rúmlega 1.500 manns í heildina en að teknu tilliti til fjölda atburða milli ára þá var meðaltalsmæting nokkuð svipuð. Þó má merkja áframhaldandi þróun í minnkandi mætingu á hádegisverðarfundum félagsins þar sem meðaltalið í fyrra var um tuttugu og sex sem mættu á hvern fund en árið áður þrjátíu og þrír félagsmenn.

Stjórn félagsins ákvað því síðastliðið vor að kalla saman góðan hóp yngri félagsmanna til að ræða félagsstarfið með tilliti til þeirra viðburða sem félagið stendur fyrir, efnisval og umræðuefni á hádegisverðarfundum, námskeiðum og ráðstefnum. Það er skemmst frá því að segja að frá þessum hópi komu margar áhugaverðar og skemmtilegar hugmyndir sem þegar eru farnar að hafa áhrif.

Nægir þar að nefna fyrsta viðburðinn á vegum félagsins að afloknum sumardvala, en í stað hefðbundins hádegisfundar var boðið til „Gleðistundar“ seinnipart föstudags, þar sem félagið bauð upp á léttar veitingar og skemmtiatriði. Formaður steig svo í pontu, fór þar yfir vetrarstarfið framundan og hugrenningar sínar um breyttar áherslur í starfi félagsins í ljósi þróunar á samsetningu félagsmanna undanfarin ár. Það er mál manna að þessi nýbreytni hafi tekist vel til og verður vonandi árlegt upphaf eða „kick off“ á starfsemi félagsins í haustbyrjun.

Hvað varðar einstaka atburði á liðnu starfsári og báru einna hæst þá vil ég leyfa mér að nefna erindi Steinars Kvifte á reikningsskiladeginum í september 2013 um IFRS, sem hann flutti af hvílkri innlifun og leikrænni tjáningu að leitun er að öðru eins. Jens Röder var svo hjá okkur á Haustráðstefnunni með fróðlegt erindi um framtíðina og þá þróun sem bíður okkar í ljósi nýrra tilskipana frá Evrópusambandinu. Og ekki má gleyma Diana Hillier sem heimsótti okkur á Endurskoðunardeginum síðast liðið vor en það er okkur í fersku minni vorið 2010 þegar hún komst ekki til okkar vegna gossins í Eyjafjallajökli sem hófst á Endurskoðunardeginum sjálfum það ár, en flutti þess í stað erindi sitt „live“ frá London. Erindi hennar nú í vor var mjög fróðlegt og fjallaði um mikilvægi endurskoðunar fyrir þjóðfélagið og atvinnulífið. Síðast en ekki síst vil ég nefna tvö Morgunkorn sem Stefán Svavarsson og Árni Tómasson stóðu fyrir og vöktu mikla athygli og umtal, en þeir fjölluðu um íslensk reikningsskil fyrir og eftir hrun og beindu þeir kastljósi sínu sérstaklega að vinnubrögðum og aðkomu endurskoðenda.

Störf fagnefnda félagsins skipta félagið miklu máli og eins og vanalega hafa hvílt á þeirra herðum mikilvæg og spennandi verkefni. Það er ánægjulegt og ekki síður mikilvægt fyrir okkar stétt að opinberir aðilar, eftirlitsstofnanir og ýmsir hagsmunaaðilar hafa í auknum mæli leitað til félagsins um upplýsingar og ráðgjöf varðandi hin ýmsu málefni.

Reikningsskilanefndin hefur til að mynda frá í vor tekið þátt í samstarfshópi á vegum Atvinnuvegaráðuneytisins vegna innleiðingar Ársreikningatilskipunar EB vorið 2015. Hér er á ferðinni krefjandi verkefni og er félagið stolt af framlagi okkar manna.

Skattanefndin hefur staðið í ströngu hvað varðar frestmál og hefur setið nokkra fundi með ríkisskattstjóra og vonandi verður niðurstaðan ásættanleg. En það er aftur á móti ljóst að spjótin standa á endurskoðendum sem þurfa að taka sig á varðandi skil skattframtala.

Á starfsárinu sendi Endurskoðunarnefndin frá sér úrval áritana sem finna má á innri vef félagsins og er meiningin að vinna með það efni frekar og gefa út í formi bæklinga. Hann væri frekar ætlaður viðskiptavinum þar sem hinar ýmsu „vörur“ eða þjónusta í formi áritana eða staðfestinga væru settar fram og útskýrðar.

Síðanefnd félagsins hefur svo haft á borði sínu í á annað ár hugmyndir FME að samskiptareglum eða samskiptaviðmiðum fyrir endurskoðendur vegna eftirlitsskyldra aðila og er það verkefni er enn í vinnslu.

Á starfsárinu hóf félagið útgáfu vefmiðils, sem ber nafnið FLE-molar. Tilgangurinn er að miðla upplýsingum til félagsmanna og vekja athygli á því sem er áhugavert og nýlegt á heimasíðu FLE sem og ýmsum öðrum fróðleik sem snertir störf okkar. Einnig er kastljósinu beint að „hinna hliðinni“ á endurskoðendum sem ekki er síður áhugaverð. Stefnt er að því að FLE-molar komi út út mánaðarlega.

Eitt af mikilvægari hlutverkum félagsins er að kynna hlutverk okkar og störf út á við þannig að atvinnulíf og almenn-ingur séu upplýst um í hverju störf endurskoðenda felast. Hluti af þeirri viðleitni er það samstarf sem komið var á milli FLE og Viðskiptablaðs Morgunblaðsins í byrjun sumars þar sem birtar hafa verið reglulega greinar skrifaðar af félagsmönnum.



Skattanefndin.

Samstarf þetta hefur gengið vel og er fyrirhugað að halda því áfram.

Eins og ykkur er eflaust kunnugt um og var meðal annars fjallað um á síðasta aðalfundi félagsins þá hefur verið í gangi samstarfsverkefni innan NRF undir vinnuheitinu „Audit standard for SME,s“ sem mætti útleggja sem endurskoðunarstaðall fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Tilgangurinn með þessari vinnu er að semja endurskoðunarstaðal sem yrði viðurkenndur og hægt væri að beita við endurskoðun lítilla fyrirtækja. NRF hefur tekið að sér ákveðið forystuhlutverk með gagnrýni á Alþjóðlega staðlaráðið (IAASB) innan IFAC hvað varðar þessa þörf, sérstaklega í ljósi þess að Alþjóðlegu endurskoðunarstaðlarnir (ISA,S) voru í upphafi samdir út frá þörfum og kröfum við endurskoðun stærri félaga. Mikill kraftur hefur verið í þessari vinnu allt þetta ár og hafa verið í gangi vinnuhópar í hverju Norðurlandanna. Samnorræn nefnd hefur haldið fjóra fundi á þessu tímabili þar sem fulltrúar frá hverju landi hafa borið saman bækur sínar og lagt línurnar fyrir vinnuhópana. Í sumar vann íslenski hópurinn meðal annars drög að uppbyggingu fyrir staðalinn sem voru síðan send á norska vinnuhópinn og NRF tók þá ákvörðun að nálgast verkefnið út frá þeim grunni.

Það er skemmst frá því að segja að þessi vinna innan NRF hefur hlotið mikla og óvænta athygli og hafa mörg lönd haft

samband og óskað eftir að fá að fylgjast með framvindu mála. Síðast liðið vor var NRF með kynningu á verkefninu á fundi IAASB og Jens Röder gerði grein fyrir stöðu málsins á ársfundi IFAC í Róm nú í nóvember.

Eftir nærri þriggja ára ferli og umfjöllun innan Evrópusambandsins um málefni endurskoðenda sem hefur mótast af fjölda skýrslna, nefndarálita og funda, þá voru loksins afgreiddar nú í vor, tillögur um breytingar á lögum sambandsins um endurskoðun félaga tengda almannahagsmunum sem og reglugerð um endurskoðun. Ákveðið aðlögunarferli er nú í gangi en endanleg gildistaka verður vorið 2016.

Það þykir tíðindum sæta að í lagasetningu EB séu ákvæði sem eru valkvæð, en það er einmitt tilfellið varðandi ráðningartíma endurskoðenda. Í grófum dráttum þá gera lögin ráð fyrir að hámarks ráðningartími endurskoðanda sé tíu ár og að viðbættum öðrum tíu árum að undangengnu útboðsferli.

Hvað varðar ráðningartímann þá hefur ekkert verið ákveðið á neinu Norðurlandanna. Í Svíþjóð hafa þarlend stjórnvöld helst hallast að tíu ára hámarks ráðningartíma fyrir fjármálafyrirtæki og enga framlengingu, en heimila aftur á móti tíu ára framlengingu fyrir önnur PIE félög. Finnland og Noregur eru að vonast eftir að stjórnvöld þar á bæ gangi alla leið og heimili 10 + 10 ár fyrir öll PIE félög, en Danir virðast hallast að tíu ára hámarki fyrir öll PIE félög en enga framlengingu.



Frá yfirferð löggildingarprófa.



Menntunarefndin.



Ekkert liggur fyrir hvað varðar Ísland, en þar eigum við að vissu marki á brattan að sækja þar sem fimm ára hámarkstími er til staðar fyrir fjármálafyrirtæki og tryggingarfélag. FLE hefur átt fundi á starfsárinu með stjórnvöldum og eftirlitsaðilum sem og hagsmunaaðilum, þar sem gerð hefur verið grein fyrir þeirri umfjöllun sem átt hefur sér stað um breyttar tilskipanir EB innan FEE og ekki síst innan NRF. Bent hefur verið á þær áherslur NRF, sem beinast meðal annars að ráðningartíma endurskoðenda og að löndin nýti sér þann hámarkstíma sem lögin heimila.

Við höfum því gert ráðamönnum grein fyrir þeirri umræðu um ráðningartímann sem átt hefur sér stað á hinum Norðurlöndunum og lagt áherslu á að Ísland taki mið af því og geri breytingu á lögum hvað varðar fimm ára regluna. Það má því gera ráð fyrir að á starfsárinu muni félagið eiga í frekari viðræðum og samvinnu við stjórnvöld vegna innleiðingarinnar 2016 og þá væntanlega með sambærilegum hætti og Reikningsskilanefndin er að vinna með ráðuneytinu vegna Ársreikningatilskipana EB sem verða innleiddar vorið 2015.

Það hefur mikið gengið á í heimi endurskoðenda undanfarin sex ár eftir fjármálakreppuna og mörg spjót beinst að störfum okkar, bæði innan dómskerfisins og ekki síður á alþjóðavettvangi eins og framangreind umfjöllun um reglugerðar- og laga-breytingar úr ranni Evrópusambandsins ber með sér.

En í öllu þessu umróti er nauðsynlegt fyrir okkur að líta aðeins upp og horfa fram á við í ljósi reynslunnar og þeirra breytinga sem eru í farvatninu.

Mikilvægi starfa okkar og þýðing fyrir almenning og fyrirtæki er lykilatriði þegar kemur að áherslum félagsins svo virði vinnu okkar sé metið að verðleikum. Til þess að svo geti orðið skiptir orðstír og samstaða stéttarinnar miklu máli og síðast en ekki síst verðum við að vera opin fyrir nýjungum sem og breyttum áherslum löggjafans og almennri gagnrýni. Hugleiðum það með jafnaðargeði og yfirvegun og höfum í huga að það að rýna til gagns er öllum mikilvægt og ekki síst stétt endurskoðenda.

Það að einni stétt sérfræðinga í veröldinni sé gert að starfa eftir alþjóðlegum stöðlum og fái slíka athygli þegar á móti blæs í fjármálaheiminum, sem nær jafnvel alla leið inná borð til æðstu stofnana Evrópusambandsins sýnir okkur mikilvægi starfa okkar. Þegar upp er staðið þá mun slík umfjöllun sýna fram á þá þörf sem viðskiptalífið hefur fyrir störf okkar og þá sérfræðipækkingu og traust sem við endurskoðendur búum yfir.

Að lokum vil ég þakka fráfarandi stjórn og nefndum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

*Sigurður B. Arnþórsson*

## Löggildingarpróf og nýir félagar 2014

FLE hefur borist listi yfir þá sem stóðust tilskilin verkleg próf sem fram fóru dagana 7. og 9. október og hafi þar með öðlast rétt til að fá löggildinguna sem endurskoðendur. Alls þreyttu 23 prófið, þar af náðu 7 einum færra en síðast eða 30,4 % 6 karlar og 1 kona. Þau koma frá fjórum stærstu stofnunum að vanda. Prófnefnd hefur sent listann til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem veitir löggildinguna formlega. Til hamingju með þetta öll og velkomin í félagið.



*Aðalheiður Sigbergadóttir  
Ernst & Young*



*Andri Þór Kristinsson  
PwC*



*Atli Þór Jóhannsson,  
PwC*



*Gísli Jóhannsson,  
KPMG*



*Gunnar Þór Tómasson,  
Ernst & Young*



*Halldór Gunnlaugsson,  
KPMG*



*Jón Kristinn Lárusson  
Deloitte*



## Norrænn endurskoðunarstaðall fyrir litlar einingar

Jón Rafn Ragnarsson, endurskoðandi hjá Deloitte

### Endurskoðunarskylda samkvæmt lögum um ársreikninga

Þann 6. mars 2013 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um ársreikninga, samanber lög nr. 14/2013. Breytingar sem FLE hefur lengi barist fyrir. Þannig voru störf endurskoðenda og skoðunarmanna lögð að jöfnu áður en nefndar breytingar komu til, en með breytingunum er m.a. skilgreindur ákveðinn eðlis-munur á aðkomu, störfum og áritun endurskoðenda og yfirferð og undirritun skoðunarmanna. Á undanförunum árum og á fyrri þingum, hafa ítrekað verið lögð fram frumvörp til breytinga á lögum um ársreikninga, þar sem ekki var gert ráð fyrir neinni skoðunarskyldu á minnstu fyrirtækjunum, sem skyldug eru að gera ársreikninga sína á grundvelli laga um ársreikninga. Því var harðlega mótmælt, m.a. af félagi bókhaldsstofa. Í þeirri vinnu og því ferli sem henni fylgdi varð til nýtt hugtak eða skilgreining varðandi vinnu skoðunarmanna. Ákveðið var að nota sögnina „að yfirfara“ ársreikning þegar kemur að framkvæmd skoðunarmanna og að þeir „undirriti“ ársreikning þegar þeir hafa lokið sinni vinnu. Ekki voru lagðar til breytingar á þeirri skyldu að ársreikningar félaga séu annaðhvort endurskoðaðir af endurskoðendum eða yfirfarnir af skoðunarmönnum. Þannig eiga allir ársreikningar þeirra félaga sem falla undir lög um ársreikninga annaðhvort að vera endurskoðaðir af endurskoðendum eða yfirfarnir af skoðunarmönnum. Jafnframt voru gerðar breytingar á stærðarmörkum varðandi endurskoðunarskyldu og kröfunum snúið við hvað þau varðar miðað við fyrri ákvæði laganna. Fyrri ákvæði laganna gerðu kröfu um að endurskoðandi skuli endurskoða ef félög færu fram úr tveimur af þremur eftirtalinn stærðarmarkum; eignir 120 millj.kr., tekjur 240 millj.kr. og fjöldi ársverka 50. Þessu hefur nú verið snúið við þannig að félög sem eru undir tveimur þessara stærðarmarkum er ekki skylt að kjósa endurskoðanda, heldur nægir yfirferð skoðunarmanns, ef önnur ákvæði laganna eiga ekki við. Þessar breytingar hafa hins vegar óveruleg áhrif, þ.e. að snúa þessu við, þar sem mjög fá fyrirtæki, ef einhver, uppfylla fjölda ársverka án þess að uppfylla einnig eigna- og tekjuviðmið laganna. Stærðarmörkin voru svo hækkuð úr 120 millj. kr. eignum í 200 millj. kr. og tekjuviðmiðið var hækkað úr 240 millj. kr. í 400 millj. kr.

Samkvæmt lögnum skulu skoðunarmenn yfirfara ársreikning og í því sambandi kanna bókhaldsgögn viðkomandi félags og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Enginn rammi, tilvísun í staðla eða önnur skilgreining kemur fram í lögnum um þessa vinnu skoðunarmanna. Í nefndarstarfi því sem fram fór á milli umræðna við þinglega meðferð og afgreiðslu laganna var tekið á því hvort endurskoðandi gæti yfirfarið ársreikning. Að

lokinni 2. umræðu áréttaði þingnefndin að félög, sem ekki er gert skylt að kjósa sér endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga sína, geti kosið endurskoðanda, endurskoðunarfyrirtæki eða skoðunarmann til að endurskoða eða yfirfara ársreikninga sína og féllst meirihlutinn á það.

Spurning er hvað felst eiginlega í orðalaginu „yfirferð ársreiknings“. Í því sambandi er rétt að benda á að meðal umsagnaraðila við setningu laganna var Fjármálaeftirlitið, sem telur óljóst hvað felst í orðunum „yfirferð ársreiknings“. FLE tók enn dýpra í árina, m.a. með eftirfarandi umsögn: „Hugtökin yfirferð og undirritun eru algerlega óskýrð í frumvarpinu. Engar reglur eru um hvað flest í yfirferð skoðunarmanns ólíkt því sem á við um endurskoðun þar sem viðamikil safn staðla liggur til grundvallar. Það er því alger óvissa hvað fest í störfum hans og hvaða þýðingu aðkoma hans getur haft fyrir notendur reikningsskilanna. Það má vera ljóst að þessi ákvæði eru ekki til þess fallin að veita notendum reikningsskila neina vissu eða auka öryggi þeirra yfir höfuð, en geta þvert á móti leitt til falsks öryggis“.

Margir endurskoðendur og raunar aðrir fagaðilar nota ISRS 4410, staðal um faglega aðstoð við gerð ársreikninga fyrir félög sem ekki eru endurskoðunarskyld, þ.e. fagleg aðstoð við gerð óendurskoðaðra ársreikninga. Staðallinn á sér hins vegar enga skírskotun til laga, en er samt mikið notaður. Með nýjum norrænum endurskoðunarstaðli fyrir lítil fyrirtæki, er ætlunin að svara þörfum notenda ársreikninga þeirra félaga sem í dag eru óendurskoðaðir, en aðstoð veitt við gerð þeirra samkvæmt ISRS 4410. Þessi nýi norræni endurskoðunarstaðall fyrir lítil fyrirtæki er í vinnslu og kemst væntanlega í framkvæmd á næstu misserum. Hins vegar er óljóst samkvæmt núverandi ákvæðum laganna hvað felst í yfirferð skoðunarmanns, sem veitir notendum ársreikninga lítilla fyrirtækja ekki það öryggi sem þeim ber. Hafa þarf jafnframt í huga að fagleg aðstoð skv. ISRS 4410 felur ekki í sér staðfestingu að hálfu endurskoðanda og ekki hafa verið framkvæmdar neinar endurskoðunaraðgerðir á fjárhæðum og öðrum upplýsingum ársreikningsins.

### Starfshópur um breytingar á endurskoðunarskyldu lítilla og meðalstórra félaga

Á vordögum 2013 skipaði stjórn Félags löggiltra endurskoðenda starfshóp um breytingar á endurskoðunarskyldu lítilla og meðalstórra félaga og lauk hann störfum í lok árs 2013. Starfshópnum var falið að kanna viðhorf félagsmanna til breytinga á endurskoðunarskyldu lítilla og meðalstórra félaga hér á

landi. Tilfnið var nýleg lagasetning í Danmörku þar sem félögum innan ákveðinna stærðarmarka er heimilt að velja á milli hefðbundinnar endurskoðunar á ársreikningum sínum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla eða svokallaðar ítarlegar könnunar (e. extended review) í stað endurskoðunar. Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að FLE gæti ekki beitt sér fyrir innleiðingu óbreytts staðals um ítarlega könnun ársreikninga hér á landi. Í stað þess lagði starfshópurinn til að FLE yrði í fararbroddi í mótun tillagna að breyttu fyrirkomulagi á endurskoðunarskyldu. Lögum yrði breytt og opnað á annan valmöguleika í stað endurskoðunar, samhliða því að núgildandi ákvæði um skoðunarmenn yrðu felld úr lögum. Það er mat starfshópsins að forðast skuli upptöku séríslenskra afurða sem ekki eigi sér skírskotun í viðurkennt regluverk alþjóðlegra endurskoðunarstaðla.

Á sama tíma og starfshópurinn lauk sínum störfum kom Jens Röder, framkvæmdastjóri NRF (norræna endurskoðunarsambandsins) og hélt kynningu á haustráðstefnu FLE, sem haldin var 1. nóvember 2013. Fram kom hjá honum að málefni tengd endurskoðun lítilla og meðalstórra fyrirtækja hafi verið fyrirferðamikil innan NRF, þar sem hagsmunir lítilla endurskoðunarfyrirtækja eru ekki hvað síst í húfi. NRF hafi því ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sem hafi það að markmiði að mæta kröfum endurskoðenda þar sem endurskoðun lítilla fyrirtækja sé ekki of kostnaðarsöm, gætt verði að alþjóðlegum stöðlum og þeim kröfum sem þar eru gerðar. Endurskoðunin þurfi að vera virðisaukandi og aðferðafræðin ekki of íþyngjandi.

Markmiðið verkefnisins er að hanna nothæfan endurskoðunarstaðal sem er í senn einfaldur og hannaður frá grunni og upp úr (e. Bottom-up approach). Tilgangurinn er að mæta þörfum, bæði notenda reikningsskila og endurskoðenda, að setja fram staðal sem er ekki of kostnaðarsamur í framkvæmd og ekki eins formlegur varðandi skráningu vinnupappíra. Áherslan er að skapa virði með endurskoðuninni og að hægt verði að nota hann á lítil, einföld verkefni. Staðallinn, þegar hann verður tilbúinn, verður lagður fyrir IAASB og ætlunin er að fá samþykki/ staðfestingu alþjóðlegra nefndarinnar á honum. Ekki er ætlunin að aðlagða ISA staðlana að þessum staðli, heldur reyna að byrja með hreint borð og greina hvað er talið nauðsynlegt til að framkvæma skilvirka endurskoðun á litlum og tiltölulega einföldum einingum.

Framkvæmd verkefnisins er þannig að hvert aðildarfélag innan NRF er með sinn vinnuhóp (e. task force) sem kemur að gerð staðalsins. Í hópunum sem skipaður var af hálfu FLE eru Jón Rafn Ragnarsson, sem er formaður, Davíð Arnar Einarsson, Hrafnhildur Helgadóttir og Ljósbrá Baldursdóttir. Sameiginlegir vinnufundir fulltrúa aðildarfélaga NRF, þ.e. endurskoðunarfélaganna á norðurlöndum, voru áætlaðir ársfjórðungslega og oftast ef þörf krefði. Í upphafi var ekki um að ræða verkaskiptingu milli aðildarfélaganna heldur komu allir aðilar að verkefninu til að móta stefnuna sem taka skyldi við úrlausn verkefnisins.

Verkefnið fór af stað með fyrsta hugarflugsfundi sem haldinn var í Kaupmannahöfn 7. mars 2014. Á fundinum kom margt athyglisvert fram og ljóst að beiting ISA staðlana fyrir lítil fyrirtæki er þekkt vandamál. Norðurlöndin eru ekki ein að glíma við þetta vandamál, en fram kom á fundinum að umræður um að ISA staðlarnir séu of yfirgripsmiklir fer fram víðar, t.d. bæði í Ástralíu og á Nýja Sjálandi. Lausnir sem IFAC hefur boðið upp á eru t.d. leiðbeiningarbækur (e. Guide to Using ISAs in the Audits of Small- and Medium-Sized Entities) sem er um 600 bls. rit. Sænska endurskoðunarsambandið hefur einnig gefið út sínar leiðbeiningar, með fyrirmyndum af vinnupappírnum o.fl. Á hugarflugsfundinum voru rædd nokkur þekkt vandamál við ISA staðlana og dagleg störf endurskoðenda, það sem meðal annars kom fram að við endurskoðun lítilla fyrirtækja fer oft mikill tími í skráningu sem ekki skila virði, en er ætlað að uppfylla kröfur ISA staðla og atriða sem gæðaeftirlit skoðar reglulega. Virkt gæðaeftirlit og framkvæmd þess hefur þannig leitt til þess að endurskoðendur eru farnir í einhverju mæli að miða vinnu sína við að standast gæðaeftirlit miðað við ISA kröfur frekar en að byggja eingöngu grunn fyrir álitinu. Viðskiptavinirnir vilja hins vegar sjá virði í endurskoðuninni og notendur ársreikninga vilja meira en eingöngu könnunaraðgerðir, þeir vilja m.a. sjá að endurskoðendur afli ytri staðfestinga. Þetta viðhorf hefur verið staðfest í ítarleg könnun sem gerð var í Danmörku. Á fundinum voru lögð fram drög að uppbyggingu staðalsins, þar sem honum var í meginatriðum skipt í fjögur þrep (kafla), sem síðar urðu sex.

Næsti fundur var haldinn á sumardaginn fyrsta, 24. apríl, í Stokkhólmi og var þá hafist handa við að hanna fyrstu kafla staðalsins, þ.e. það sem snýr að samþykki verkefnis, skipulagningu og framkvæmda áhættumats. Kynningar voru útbúnaðar af FLE á Íslandi, FAR í Svíþjóð og DnR í Noregi. Kynningarnar voru áþekkar og mjög svipaðar áherslur í íslensku og norsku kynningunni. Samþykkt var að leggja áherslu á að draga úr formlegri skráningu vinnupappíra og að staðallinn byggði á meginreglum. Samþykkt var að ná öðrum fundi fyrir sumarið og var hann haldinn í Osló 21. maí. Þar var haldið áfram með tæknilega útfærslu staðalsins. Fjögur umræður urðu um ýmis lykilatriði eins og mikilvægi endurskoðunar, mat á rekstrarhæfi, áhættumatsaðgerðir, sviksemi, prófanir á eftirlitsaðgerðum o.fl. Niðurstaðan var að sumarið yrði nýtt þannig að norsku fulltrúarnir myndu útbúa drög eða einskonar beinagrind að staðlinum, sem íslenski hópurinn tæki við og inni áfram. Ákveðið var að funda á ný í Helsinki þann 24. september. Á þeim fundi voru lagðar fram til skoðunar og yfirferðar tillögur að fyrstu köflum staðalsins og endurskoðunarferillinn meðal annars ræddur. Til grundvallar eru lagðar sömu meginreglur og í ISA stöðlunum varðandi framkvæmd áhættumats og síðan viðbrögð við metinni áhættu. Óverulegur munur verður þannig á eiginlegri framkvæmd endurskoðunaraðgerða (e. further audit procedures) samkvæmt þessum tillögum og í vel skipulagðri endurskoðun lítilla fyrirtækja samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Hins vegar ætti að vera hægt að komast hjá skráningu einhverra vinnupappíra sem gerð er krafa um skv.

alþjóðlegum stöðlunum. Ákveðið var að hraða vinnu við staðalinn þannig að fyrstu heildstæðu drög hans yrðu tilbúin fyrir júl 2014, þar sem fyrir liggur að ekki verður hægt að vinna mikið við staðalinn fyrstu mánuðina 2015 vegna anna þeirra sem eru í vinnuhópunum. Haldnir voru tveir símafundir í nóvember og desember þar sem farið var yfir fyrirbyggjandi drög, en þeir reyndust ekki eins skilvirkir og fundir þar sem allir hittast. Ákveðið var að næsti fundur yrði 6. janúar 2015 í Osló.

Fyrstu heildstæðu drög staðalsins voru kynnt fyrir öllum vinnuhópum þann 12. desember. Staðallinn skiptist í sex kafla:

1. Markmið óháðrar endurskoðunar  
(e. overall objectives of the Independent Auditor)
2. Samþykki verkefna  
(e. acceptance or continuance of an audit engagement)
3. Skipulagning  
(e. planning)
4. Áhættumat  
(e. risk assessment)
5. Viðbrögð endurskoðanda við metinni áhættu  
(e. the auditor's response to assessed risk)
6. Niðurstöður og áritun  
(e. concluding and reporting)

Staðallinn sjálfur, eins og hann liggur fyrir í núverandi drögum, er alls 18 blaðsíður að lengd, en við staðalinn munu bætast grundvallarreglur (e. framework), skilgreiningar (e. glossary of terms) og leiðbeiningar (e. guidance). Hugtökum sem fram koma í ISA stöðlunum hefur ekki verið breytt og er það mat hópsins að staðallinn sé auðveldur aflestrar. Næstu skref eru að leggja fram drög til kynningar á framkvæmdastjórafundi NRF þann 20. janúar n.k., en fram að þeim tíma mun staðallinn ekki fara í dreifingu. Það er von vinnuhópsins að sumarið 2015 nýtist til raunverulegra prófana á staðlinum, prófana á raunverulegum verkefnum. Ef það gengur eftir má ætla að endanlegur staðall verði tilbúinn í júní 2016. Þegar, og ef, sá staðall verður samþykktur verður næsta skref að leita samþykkis notkunar hans og gildistöku hér á landi, þannig að hægt verði að nota hann við endurskoðun lítilla fyrirtækja, sem jafnvel eru nú þegar undir stærðarmörkum laga varðandi endurskoðunar-skyldu.

*Jón Rafn Ragnarsson*



Vinnuhópur um norrænan staðal. Frá vinstri: Hrafnhildur, Davíð, Jón Rafn og Ljósbrá.



## Samtímaeftirlit og endurskoðendur

*Dr. Páll Ríkharðsson, Dósent – Forstöðumaður meistaranáms í endurskoðun og reikningshaldi, Viðskiptadeild, Háskólans í Reykjavík*

### Þróun á innra eftirliti á Íslandi

Innra eftirlit verður sífellt veigameiri þáttur í stjórnun fyrirtækja. Rannsókn sem Viðskiptadeild HR gerði árið 2014 á stjórnunar-reikningsskila og eftirlitskerfum í 191 íslenskum fyrirtækjum sýndi að 73% fyrirtækja sjá innra eftirlit sem mikilvægan eða mjög mikilvægan þátt í daglegri stjórnun. Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður svipaðrar rannsóknar sem var gerð á 184 fyrirtækjum árið 2008 rétt fyrir hrun voru 67% fyrirtækja sem töldu innra eftirlit vera mikilvægt eða mjög mikilvægt. Íslenskum fyrirtækjum telja því innra eftirlit vera mikilvægur þáttur í stjórnun bæði árið 2008 og árið 2014. Hins vegar, er það sláandi hversu mikil þróun hefur átt sér stað í **framkvæmd** innra eftirlits í íslenskum fyrirtækjum milli 2008 og 2014 eins og sést í töflu 1.

Þessar niðurstöður sýna að vitundarvakning virðist vera í gangi í íslenskum fyrirtækjum hvað varðar gagnsemi góðs eftirlitskerfis. Frá því að líta á innra eftirlit sem kvöð og óþarfa árið 2008 virðast íslensk fyrirtæki í dag sjá innra eftirlit sem nauðsyn. Til marks um þessa þróun hefur samtímaeftirlit (e.: continuous monitoring) komið fram á sjónarsviðið á Íslandi síðustu árum bæði sem aðferðafræði og sem upplýsingakerfi.

### Samtímaeftirlit sem aðferðafræði

Sem aðferðafræði gengur samtímaeftirlit út á að auka sjálfvirkni innra eftirlits sem og færa framkvæmd og aðgengi að niðurstöðum eftirlitsaðgerða nær stjórnendum í rauntíma. Hér er í raun verið að tala um sömu áhættu og eftirlitsaðgerðir sem við erum alltaf að glíma við eins og t.d. samþykktir á innkaupareikningum yfir tilteknum mörkum, greiðsla á ósamþykktum reikningum, óeðlilegar sveiflur í launagreiðslum,

afslættir yfir ákveðnu marki, breytingar á lánamörkum viðskiptamanna, breytingar á fjárhagslyklum, osfrv. Í samtímaeftirliti er haft rauntímaeftirlit með færslum og gögnum sem skapast við þessar aðgerðir, notkun notenda á þeim upplýsingakerfum sem þessar færslur skrást í og hvort skilgreindar eftirlitsaðgerðir fari fram og virki. Ef um frávík er að ræða er flaggað með einhverjum hætti til að ná athygli stjórnenda eða að sjálfvirk aðgerðaferli fer í gang. Aðferðafræðin bakvið samtímaeftirlit gengur því út á að áhættugreina ferla og kerfi, meta þær eftirlitsaðgerðir sem eru í gangi, meta möguleika á að sjálfvæða eftirlitsaðgerðir og innleiða samtímaeftirlitskerfi.

### Samtímaeftirlit sem upplýsingatækni

Til þessa að geta framkvæmt samtímaeftirlit þarf upplýsingatækni. Hér er talað um hugbúnað til vöktunar á t.d. færslum, gagnaflutningum, kerfistengdri notendahegðun, breytingum á uppsetningu og millifærslum. Samtímaeftirlitskerfi eru í dag annaðhvort hluti af viðskiptakerfum fyrirtækja eins og NAV, AX eða SAP eða eru fánleg sem sérstök kerfi sem hægt er að tengja við viðskiptakerfi fyrirtækja.

Mikil þróun hefur orðið á síðustu árum í einingum viðskiptakerfa til samtímaeftirlits. Í SAP er til dæmis að finna GRC (Governance, Risk and Compliance) vöktunarkerfi og fyrir NAV og AX kerfin frá Microsoft má kaupa samtímaeftirlitskerfi sem er sérniðið fyrir þessi kerfi frá birgjum eins og t.d. FastPath. Þó svo að um samofnar kerfiseiningar sé að ræða þarf að kaupa þessar einingar sérstaklega fyrir þessi kerfi.

Ef lítið til sérstakra samtímaeftirlitskerfa, sem ekki eru samofin einu einstöku viðskiptakerfi, eru stærstu birgjarnir í

| Spurningar                                                                                                                                                           | Hlutfall fyrirtækja sem svara játandi 2014 | Hlutfall fyrirtækja sem svara játandi 2008 |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------|--------------------------------------------|
| Er til skjalfest lýsing á innri eftirlitsferlum?                                                                                                                     | 64%                                        | 36%                                        |
| Hefur innra eftirlit verið yfirfarið og samþykkt af yfirstjórn fyrirtækis?                                                                                           | 55%                                        | 41%                                        |
| Er til staðar formlegt áhættumat þar sem skilgreind eru atvik sem gætu komið í veg fyrir að fyrirtækið nái mikilvægum markmiðum sínum?                               | 51%                                        | 20%                                        |
| Hefur ytri endurskoðandi fyrirtækisins sett fram ábendingar um innra eftirlit þess síðastliðin 5 ár?                                                                 | 62%                                        | 47%                                        |
| Er fyrirkomulag innra eftirlits endurmetið með reglulegu millibili til þess að tryggja að eftirlitsaðgerðir hafi verið aðlagðar nýjungum eða breytingum í starfsemi? | 63%                                        | 36%                                        |

Tafla 1: Breytingar í framkvæmd innra eftirlits fyrir og eftir hrun

Bandaríkjunum (mælt í fjölda notenda) t.d. ACL og Caseware. Í Evrópu eru fleiri kerfi á markaðnum eins og t.d. Approva, Oversight og Aptean. Á Íslandi er íslenska fyrirtækið Expectus stærst á þessu sviði með hugbúnaðinn ExMon.

### Notkun og virði samtímaeftirlits í íslenskum fyrirtækjum

Í fyrrnefndri könnun Viðskiptadeildar HR árið 2014 var spurt um um notkun á upplýsingatækni til samtímaeftirlits. Af þeim 124 fyrirtækjum sem svöruðu þessari spurning höfðu 20 fyrirtæki eða 16% innleitt svona kerfi en 47 eða 38% höfðu áhuga á að innleiða slík kerfi á næstu árum.

Heimsótt voru 12 af þeim fyrirtækjum sem nota samtímaeftirlitshugbúnað til að komast að því hvað hann var notaður í og hvaða virði hann skapaði. Kom það fram að samtímaeftirlitsskerfi eru mest notuð til að koma í veg fyrir villur t.d. í gagnaflutningum milli kerfa, samanburði á gögnum í mismunandi kerfum eins og t.d. tímaskráningu og launum og svo samanburði á notkun kerfis og réttindum notenda. Ennfremur nota fleiri fyrirtæki samtímaeftirlit til að vakta áætlun og rauntölur t.d. fyrir innkaup eða bera saman raunverð frá birgjum við innkaupasamninga.

Mat þessara fyrirtækja á virði hugbúnaðarins er fyrst of fremst mældur í minnkun kostnaðar t.d. til villuleita og lausna, minnkun tekjuleka í t.d. reikningaferlum, minnkun sviksemisáhættu og auknum gagnagæðum.

### Samtímaeftirlit og endurskoðendur

Það leikur enginn vafi á því að sterkara innra eftirlit í fyrirtækjum hefur áhrif á störf endurskoðenda. Spurningin er þó, hvaða áhrif þróun í samtímaeftirliti muni hafa fyrir endurskoðendur. Fleiri nefndir, ráðgjafar og samtök út í heimi hafa spáð miklum breytingum fyrir vinnu endurskoðenda og einnig fyrir starfssemi endurskoðunarfyrirtækja. Röksemdafærslan er oftast sú að með samtímaeftirliti verður ekki lengur eins mikil þörf á að fara yfir frumgögn, taka og prófa gagnaúrtök, prófa eftirlitsaðgerðir og áhættumeta ferla þar sem eftirlit er haft með þessum þáttum í rauntíma af fyrirtækinu sjálfu. Gögn um innra eftirlit, niðurstöður og aðgerðir til úrbóta eru því aðgengilegar endurskoðendum hvenær sem er. Þannig að sterkara innra eftirlit og samtímaeftirlit ætti að minnka tímanotkun ytri endurskoðenda og þar með kostnað fyrirtækisins til endurskoðunar. Sum samtök taka dýpra á árinna og kveða á um að ef endurskoðendur fylgjast ekki með þessari þróun geti þeir átt á hættu að starfsgrein þeirra úreltist. Eða eins og í white paper frá AICPA frá 2012 sem segir:

“Auditing has ... not seemingly kept pace with the real-time economy. Some auditing approaches and techniques that were valuable in the past now appear outdated. Also, the auditing evolution has reached a critical juncture whereby auditors may either lead in promoting and adopting the future audit or continue to adhere to the more traditional paradigm in some manner”.

Þó svo svona „dómadagsspádómar“ komi öðruhverju fram um endurskoðendur þá getur þróun í upplýsingatækni oft breytt markaðsaðstæðum með stuttum fyrirvara. Það er því full ástæða til að skoða þetta betur og hvernig þessi þróun kemur að íslenskum endurskoðendum.

Á haustráðstefnu FLE 2014 voru haldnar þrjár vinnustofur um samtímaeftirlit með 90 þátttakendum. Tvær spurningar voru lagðar fyrir fyrir þátttakendur. Annars vegar hvort þróun í samtímaeftirliti myndi hafa neikvæð eða jákvæð áhrif á vinnu endurskoðenda og hins vegar hvort þróun í þessari tækni væri tækifæri eða ógn fyrir endurskoðunarfyrirtæki. Svörin við báðum spurningum voru skráð á kvarða frá -3 (mjög neikvæð áhrif) til 0 (engin áhrif) til +3 (mjög jákvæð áhrif). Þar að auki áttu hóparnir að styðja rökstyðja svör sín og skrá niður athugasemdir. Vinnuhóparnir skiluðu í alls 24 svarblöðum.

### Hvaða áhrif mun samtímaeftirlit hafa á vinnu endurskoðenda?

Svarið við fyrstu spurningunni var að meðaltali +2 þ.e.a.s. þátttakendur telja að samtímaeftirlit muni hafa jákvæð áhrif á vinnu endurskoðenda. Margar athugasemdir og skoðanir fylgdu með, sem flokka má gróflega í þrjá flokka.

1. Samtímaeftirlit mun einfalda störf endurskoðenda kerfisgögn verða réttari, sem leiðir til minni gagnaskoðunar, minni úrtaksvinnu, minni staðfestingarvinnu og minni villuleitar í endurskoðunarferlinu og þar með skapa meira öryggi um niðurstöður endurskoðunar. Einnig munu úttektir á innri eftirlitsskerfum fyrirtækja verða einfaldari og öruggari með tilkomu kerfistengdra eftirlitsferla.
2. Aukin notkun samtímaeftirlitsskerfa mun á sama tíma skapa þörf á nýjum verkefnum eins og t.d. áhættugreiningum sem undanfara uppsetningar samtímaeftirlitsskerfa, eftirliti með og úttekt á uppsetningum á þessum kerfum, sem og óháðu mati á aðgerðaferlum þegar kerfin flagga villum eða lélegu eftirliti.
3. Endurskoðunarferli munu í sumum tilfellum breytast þar sem samsetning endurskoðunarteyma mun breytast með tilkomu nýrra þekkingarsviða. Þetta mun kalla á aukna menntun og endurmenntun endurskoðenda í innra eftirliti og í samtímaeftirliti.

Það virðist því vera samdóma álit þátttakenda að aukin tilkoma samtímaeftirlitsskerfa sé af hinu góða og muni einfalda vinnu endurskoðenda, gera hana skilvirkari og skapa þörf á nýrri þjónustu.

### Er samtímaeftirlit tækifæri eða ógnun við fyrir endurskoðunarfyrirtæki?

Þar sem spurning 1 og 2 eru nátengdar þá kemur ekki á óvart að svör við spurningu 2 voru á svipaðan veg. Spurning 2 fékk einnig meðaleinkunnina +2 þar sem þróun í samtímaeftirlitstækni er metið sem tækifæri fyrir endurskoðunarfyrirtæki. Athyglisvert var þó að athugasemdir og rökstuðningur þátttak-



enda var nokkuð ólíkur spurningu 1. Endurskoðendur nefndu oft að það væru viðbrögð stéttarinnar á næstu árum, sem myndi ráða því hvort þessi þróun yrði að tækifæri eða ógn. Tvennt var nefnt:

1. Tækifærin liggja í nýjum þjónustugreinum sem endurskoðunarfyrirtæki geta boðið upp á bæði héraðs og erlendis eftir því sem upplýsingatæknin skapar þörf fyrir nýjar þjónustur og samtímis máir út landamæri og fjarlægðir. Vottun á samtímaeftirlitskerfum er dæmi um nýja þjónustugrein sem gæti orðið arðbær í framtíðinni. Vinna endurskoðunarfyrirtækja mun líka geta orðið verðmætari fyrir viðskiptavininn vegna minni gagnavinnu en meiri áherslu á rekstrar- og stjórnunarráðgjöf.

2. Það er hins vegar aukin hættan á að upplýsingatæknin brjóti niður aðgangstakmarkanir að verkefnum og gefi færi fyrir nýja samkeppnisaðila t.d. úr upplýsingatæknigeiranum og verkfræðigeiranum héraðs og erlendis. Það er líka hættan á því að endurskoðunarfyrirtæki skorti þekkingu og mannafla sem getur leyst þau eftirlitsverkefni sem koma á næstu árum sem leiði til óánægju viðskiptavina og rýrnun á þjónustugæðum. Þróuninni fylgja því áhættur sem endurskoðunarfyrirtæki þurfa að bregðast við.

#### Lokaorð

Í íslenskum fyrirtækjum hefur innra eftirlit þróast mikið á síðustu árum. Þróun og innleiðing samtímaeftirlits er framhald þessarar þróunar. Fleiri íslensk fyrirtæki munu að öllum líkindum setja upp samtímaeftirlitskerfi á næstu árum til að styrkja innra eftirlit, ná niður eftirlitskostnaði og auka virði upplýsingaferla. Svo virðist sem íslenskir endurskoðendur sjái fyrir að aukin notkun samtímaeftirlitskerfa muni einfalda og bæta vinnu endurskoðenda og gera hana verðmætari fyrir viðskiptavininn. Það eru ýmis tækifæri fólgin í þessari þróun í formi nýrra viðskiptatækifæra, lækkun kostnaðar og breyttra samkeppnisráða. En hvort þróunin verði að tækifærum eða ógn er að stórum hluta háð framtakssemi, viðbrögðum og útsjónarsemi stéttarinnar með tilliti til t.d. menntunar og hæfniskrafa, nýrra þjónustuleiða, sköpun nýs virðis fyrir viðskiptavininn og viðbrögðum við nýjum samkeppnisaðilum og aðstæðum.

*Páll Ríkharðsson*



*Frá vinnustofu Páls á haustráðstefnunni.*

## Mikill skóli að vinna erlendis

### Viðtal við Erling Tómasson

*Íslenskir endurskoðendur starfa víða í fjölbreyttum störfum í hinum ýmsu löndum. Ritnefnd FLE ræddi við endurskoðandann Erling Tómasson á dögunum. Erling býr og starfar í Svíþjóð, en áður en hann fluttist búferlum þangað, var hann einn af eigendum Deloitte.*

#### Hve lengi hefur þú starfað í faginu og hvar hefur þú starfað?

Ég hóf störf hjá Deloitte árið 2000 samhliða háskólanámi og starfaði þar fram á vor 2012.

#### Hvað varstu að vinna við hjá Deloitte og hvað stóð uppúr?

Ég byrjaði í þessu hefðbundna uppgjör, skattframtöl og einfaldari endurskoðunarvinna. Eftir löggildinguna einbeitti ég mér að IFRS stöðlunum og síðustu árin var það fjármálaráðgjöfin, mest í áreiðanleikakönnunum.

Það sem stendur uppúr er að hafa fengið tækifæri til að prófa mismunandi störf á mismunandi sviðum. Í raun var allt mjög skemmtilegt, hafði í raun ekki tíma til að staðna eða verða leiður á neinu.



#### Hvenær hlautu löggildingu í endurskoðun?

Ég man eins og gerst hafi í gær þegar ég opnaði bréfið frá Árna Tómassyni síðla árs 2004, það var góður dagur.

#### Nú ert þú búsettur í Svíþjóð, hvað kom til að þú fluttir þangað?

Konan er læknir og við fluttum því hingað til Uppsala sumarið 2012 til þess að hún gæti klárað sérnámið sitt í kven-og fæðingar-lækningum.

#### Hvað hefur þú tekið þér fyrir hendur í Svíþjóð?

Í byrjun var aðalmálið að koma sér fyrir. Það reyndist ansi erfitt að finna húsnæði hér í Uppsöllum, en við höfum núna á tveimur og hálfu ári búið á fjórum mismunandi stöðum.

Annars voru fyrstu mánuðirnir fæðingarorlof heima með börnin tvö. Að því loknu stundaði ég sænsku nám í um það bil 6 mánuði. Ég byrjaði svo að vinna í ágúst 2013, ári eftir að við komum hingað.

#### Hvernig gekk íslenskum endurskoðanda að fá vinnu í Svíþjóð?

Þetta var ansi strembið, ég dældi út tugum umsókna á Uppsalasvæðinu um störf sem tengdust reikningshaldi og fjármálum. Ég var búinn að sækja um háskólanám þegar hreyfing komst á hlutina, en Deloitte í Stokkhólmi bauð mér starf við ráðgjafabjónustu. Til stóð að ég myndi byrja þar í ágústmánuði 2013 þegar mér bauðst óvænt fjármálastjórarstarf hér í Uppsöllum. Að sleppa við að þvælast með lest á hverjum degi til Stokkhólms og einnig möguleikinn á að komast "hinu megin við borðið" gerðu það að verkum að valið var einfalt og skildu Deloitte menn stöðu mína vel.

#### Hvað heitir fyrirtækið og hvað fæst það við?

Fyrirtækið heitir C-RAD AB, við erum tæplega 30 manns í vinnu með starfsemi í Svíþjóð, USA, Þýskalandi, Frakklandi og Kína. Meginstarfsemin felst í framleiðslu og þróun á hugbúnaði og tækjabúnaði sem notaður er við krabbameinsgeislameðferð. Við-skiptahugmyndin gengur út á að auka nákvæmni og skilvirkni geislameðferðar til að bæta batamöguleika krabbameinssjúklinga.



Þetta er mjög afmarkaður og þröngur bransi sem tekur tíma að skilja og komast inní, en um leið gríðarlega spennandi og áhuga-verður. Á ensku kallast þetta patient positioning og felst í því að fylgjast með staðsetningu æxlisins og tryggja að sem mest af geislanum fari beint í æxlið, en ekki frískan vef í kringum æxlið. Þegar línuhraðlarnir (tækið sem sendir geislann, við framleiðum ekki slík tæki) eru orðnir jafn nákvæmir og nú, er mikilvægt að staðsetja og fylgjast nákvæmlega með æxlinu á meðan geislun á sér stað.

### Er tækjabúnaður frá ykkur til staðar á Íslandi?

Nei því miður þá hefur Landspítalinn ekki haft rými til að fjárfesta í okkar tækjum. Slíkt væri óskandi, það vantar sorglega mikið tituprójón á Ísland á heimskortið okkur.

### Hverjar hafa verið helstu áskoranirnar í nýja starfinu?

Þetta er í raun bara búið að vera ein stór áskorun og svakalegur skóli. Fyrirtækið sem í grunninn er sprottið af rannsóknarstarfi við Karólínsku stofnunina í Stokkhólmi setti fyrsta tækið á markað árið 2007. Síðan þá hefur mikil áhersla verið á frekari þróun og sölu síðustu ár, enda hafa pantanir og tekjur rokið upp samhliða stækkun starfseminnar.

Þegar ég byrjaði lá fyrir að fyrirtækið væri á leiðinni í Nasdaq kauphöllina í Stokkhólmi. Þeirri vegferð lauk loksins í desember síðastliðinn. Að gera svona ört vaxandi frumkvöðlafyrirtæki tilbúið fyrir skráningu var stórt og mikið verkefni. Við erum búin að taka í gegn innri ferla og gjörbreyta fjármáldeildinni, uppgjörum, áætlunum, mánaðarskýrslum o.fl. Svona ferli tekur gríðarlega langan tíma enda var það þeim mun sætara að heyra bjölluna klingja.

Kauphöllin skipaði PWC sem kauphallarendurskoðanda okkar sem ásamt okkar hefðbundnu endurskoðendum hjá Grant Thornton eru búnir að anda ofan í hálsmálið á mér síðasta árið. Það var því mikill og stór áfangi þegar félagið var samþykkt til skráningar á stóra markaðinum, en fram að því var félagið skráð á First North markaðinn, sem virkar vel hér í Svíþjóð, annað en á Íslandi.

Þrátt fyrir að hafa "bara" verið listað á First North þá fylgjast margir fjárfestar gríðarlega vel með og eru mjög vel inní öllu hjá okkur og kom það mikið á óvart. Þessir fjárfestar tjá sig reglulega á sérstökum spjallþráðum og dreifa á milli sín þælingum, spurningum og greiningum.

### Nú ert þú starfandi "hinu megin við borðið". Hvað finnst þér um samskipti þín við endurskoðunarfyrirtækin sem venjulegur viðskiptavinur?

Samskiptin er mjög góð, Grant Thornton er með flott teymi í verkefninu og hingað til hefur allt gengið vel þrátt fyrir talsverðan ólgusjó. Með þann bakgrunn sem ég hef þá held ég að ég sé frekar þægilegur viðskiptavinur, maður veit hvað endurskoðandinn þarf að gera og af hverju.

### Finnst þér endurskoðendur í Svíþjóð starfa með öðrum hætti en á Íslandi?

Ég sé mjög takmarkaðan mun, fæ þó á tilfinninguna að þeir séu örlítið meira faglegri og skipulagðari, en samt enginn stór munur. Eflaust er þetta líka mjög persónubundið, íslenskir endurskoðendur eru jú jafn ólíkir og þeir eru margir.

### Hvoru megin við borðið finnst þér skemmtilegra að starfa?

Ég gæti ekki verið sattari en ég er hérna megin. Held að það sé mjög hollt að prófa báðar hliðar og ég er klár á því að reynslan frá Deloitte árunum var frábær undirbúningur fyrir starf mitt í dag. Ég sé ekki fyrir mér að ég eigi eftir að snúa aftur til baka hinu megin borðsins.

### Hvenær ætlið þið svo að flytja aftur heim?

Eins og staðan er í dag er spurningin mikið frekar hvort en hvenær, okkur líður afskaplega vel hér og erum ekki í minnstu heimferðarhugleiðingum og í sannleika sagt virðist ástandið á Íslandi ekkert voðalega spennandi. Ég er samt sem áður afskaplega stoltur Íslendingur og hafa samstarfsfélagarnir ekki farið varhluta af því. Það var svo sætt þegar ég prentaði út FIFA listann yfir styrkleika landsliða í knattspyrnu sem sýndi okkur nokkrum sætum ofar en Svíþjóð.

### Eitthvað að lokum?

Ég sendi bara góðar kveðjur á alla kollega mína á Íslandi og vona að okkur sé farið að ganga betur í golfmótunum gegn tannlæknum og lögfræðingum.



## „Áhugaverð skattamál á nýliðnu ári“

*Gunnar Egill Egilsson, lögmaður hjá Nordik lögfræðipjónustu*

Í kjölfar áramóta er ekki úr vegi að horfa um öxl og velta fyrir sér hvaða lexíur læra megir af nýliðnu ári. Því þótti mér tilvalið að rifja upp nokkur áhugaverð mál af vettvangi skattaréttar.

Álitaefnin sem hér verður fjallað um eiga það sammerkt að hafa verið nokkuð uppi á pallborðinu á síðasta ári og kunna að hafa veigamikil áhrif á sviði endurskoðunar til framtíðar. Ég hef ákveðið að takmarka mig við þrjú ólík umfjöllunarefni, en það er ljóst að taka mætti mun fleiri mál til skoðunar. Þá þolir hvert umfjöllunarefni um sig mun ítarlegri umfjöllun, en þá sem hér fer á eftir, sem vonandi gefst færi á að gera síðar.

### Tap af rekstri CFC-félags

Í nýlegu máli yfirsattanefndar, nr. 155/2014, var staðfest að tap svokallaðst CFC-félags (Controlled Foreign Company) væri frádráttarbært hjá íslenskum eiganda þess.

Á árinu 2009 voru sett lög hér á landi um CFC-félög sem kváðu á um að greiða skyldi tekjuskatt hér á landi af hagnaði félags, sem íslenskur skattaðili á og heimilisfast er í lágskattaríki, óháð því hvort hagnaði félagsins hefði verið ráðstafað til hins íslenska eiganda, sbr. lög nr. 46/2009.

Samkvæmt lögnum var tap hins erlenda CFC-félags aðeins frádráttarbært geti skattaðili, að ósk skattýfirvalda, lagt fram fullnægjandi gögn er liggja að baki útreikningi á tapi. Með lögum nr. 45/2013 var þessu ákvæði laganna breytt á þann veg að tap sem myndast hjá hinu erlenda CFC-félagi væri aðeins frádráttarbært hjá hinu erlenda félagi. Enn fremur var sú skýring færð í frumvarpi laganna að ekki væri um efnisbreytingu að ræða, heldur væri aðeins verið að áréttu reglu sem væri þegar í gildi.

Þessi skýring löggjafans kemur þó illa heim og saman við orðalag áðurgildandi ákvæðis. Um þetta álitaefni var fjallað í áðurnefndum úrskurði yfirsattanefndar, sem komst að þeirri niðurstöðu að fyrir lagabreytinguna árið 2013 hafi í reynd verið heimilt að draga tap af rekstri CFC-félagsins frá tekjum hins íslenska félags. Rök yfirsattanefndarinnar voru svohljóðandi:

„[...] hefði þurft að koma sérstaklega fram í lögnum ef ætlunin hefði verið sú að sá tapsfrádráttur, sem lögin gera sjálf ráð fyrir berum orðum, væri einvörðungu heimill á móti hagnaði hins erlenda lögaðila sem síðar kynni að koma til skattlagningar hér á landi [...]“

En þessi niðurstaða vekur óneitanlega upp spurningu um hver áhrif þessa úrskurðar verði til langframa, eða nánar tiltekið næstu tíu árin, enda má ætla að það tap sem heimilt var að flytja inn í íslensk skattskil fram til lagabreytingarinnar árið 2013, megir nýta hér á landi í 10 ár frá því að það myndaðist.

Þannig kunna þeir sem áttu félög á lágskattasvæðum, sem skiluðu tapi fyrir lagabreytinguna, að hafa verulega hagsmuni af því að taka upp fyrri framtöl og færa tap sem myndast hefur í CFC-ríki, hafi ekki verið að því gætt á sínum tíma.

### Öfugir samrunar/samsköttun

Miklar vangaveltur hafa verið um áhrif dóms Hæstaréttar í svokölluðu Toyota-máli, mál nr. 555/2012 sem til er komið vegna öfugs samruna. En umtalsverður fjöldi aðila hefur sætt endurálagningu skatts á grundvelli sömu sjónarmiða og fjallað var um í málinu.

Í sem skemmstu máli voru atvik málsins að nýstofnað félag keypti félagi í rekstri. Kaupin voru fjármögnuð með lánsfé og voru félögin tvö sameinuð í kjölfar kaupanna, með þeim hætti að móðurfélaginu var slitið og dótturfélagið tók yfir réttindi þess og skyldur. Þess háttar samrunar hafa verið kallaðir öfugir samrunar, að öndverðu við samruna sem fela í sér yfirtöku móðurfélags á rekstri dótturfélags.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að hinu sameinaða félagi væri ekki heimilt að draga vaxtagjöld vegna ofangreindrar fjármögnunar frá tekjustofni félagsins. Byggði niðurstaðan aðallega á eftirtöldum forsendum:

Eftir samruna höfðu skuldir móðurfélagsins engan rekstrarlegan tilgang í hinu sameinaða félagi. Samruninn miðaði ekki heldur að því að ná fram samlegðaráhrifum. Þá taldi rétturinn að samruni félaganna hefði gagngert miðað að því að koma skuldum yfir á yfirtökufélagið.

Meðal þeirra raka sem haldið var á lofti gegn túlkun skattýfirvalda var að félögin hafi uppfyllt öll skilyrði tekjuskattslaga til samsköttunar. Var á því byggt að ef sótt hefði verið um samsköttun, í stað að fara í samrunaferli, hefði jákvæður tekjuskattstofn rekstrarfélagsins jafnast á móti neikvæðum tekjustofni móðurfélagsins, þegar endanlegur skattur hefði verið álagður. Endanleg skattaleg niðurstaða hefði því orðið



nákvæmlega sú sama, eins og ef frádráttur vaxtagjalda hefði verið heimill í kjölfar samruna félaganna, að teknu tilliti til þess að mögulega myndi fyrsta rekstrarár falla utan samsköttunar, vegna skilyrðis tekjuskattslaga um eignarhald allt árið.

Þessi ólíka skattalega meðferð kristallar veikleika tekjuskattslaganna að þessu leyti. Fram að þessu hefur ekki tíðkast að skattfyrirvöld leggi sérstakt mat á innbyrðis tengsl tekna og gjalda innan samskattaðrar samstæðu, enda hefur ekki almennt verið miðað við að gerð séu frekari skilyrði fyrir samsköttun félaga en fram koma í áðurnefndri 55. gr. laganna.

Hver verður staða samsköttunar í kjölfar dóms í Toyota-málinu? Kann ríkisskattstjóri að halda því fram að forsendur fyrir samsköttun hafi brostið í einhverjum tilfellum, þó að fallist hafi verið á beiðni um samsköttun á einhverjum tímapunkti?

Þetta eru ekki spurningar sem gott er að svara að svo stöddu, þá er ekki gott að sjá að hvaða grundvelli þeir gætu hafnað samsköttun, skv. framangreindu. En ljóst má vera að gefa þarf gaum að því við framkvæmd samsköttunar að breytingar á rekstri þátttökufélaga kunni að valda því að forsendur fyrir samsköttun eða einstaka frádráttarliðum bresti í kjölfar þeirra.

Eins er mikilvægt að því sé haldið til haga að dómsniðurstæða Hæstaréttar hvílir á áðurnefndum forsendum og ekki verða allir þeir sem draga vaxtagjöld frá tekjustofni í kjölfar samruna undir þessa sömu sök felldir. Þannig er aðstaða margra ólík þeim sem uppi voru í Toyota-málinu og því sjónarmið á lofti um að dómafordæmið eigi ekki við í öllum þeim tilvikum sem aðilar hafa sætt endurálagningu.

### Ólögsmætar úttektir eigenda

Á síðasta ári bar nokkuð á málum er varða ólögsmætar úttektir eigenda. Hafa þar skattfyrirvöld og dómstólar horft nokkuð stíft til formreglna, að því er varðar ákvörðun um arðsúthlutun, skilgreiningu á frjálsum sjóðum og annað slíkt. Hefur það orðið þess valdandi að úttektir, þar sem ekki hefur að öllu leyti verið gætt að formreglum, hafa verið endurskilgreindar af hálfu skattfyrivalda sem ólögsmætar úttektir eigenda. Þar með ber að fara með þær tekjur sem laun í hendi viðkomandi.

Málin hafa verið af ýmsum meiði, en eitt meginstef hefur þó verið; að lítið hefur þýtt að malda í móinn og benda á að smávægileg mistök við formlega afgreiðslu eða tímasetningu arðgreiðslu verði þess valdandi að eigendur sæta oft himinháum skatti. Þar hefur litlu máli skipt þó að á heildina lítið hafi rekstur félagsins gefið tilefni til arðgreiðslu og enginn kröfuhafi, eða nokkur annar sem hagsmuni hafi átt að gæta, hafi borið skarðan hlut frá borði.

En í dómi, sem Hæstiréttur kvað upp rétt fyrir lok síðasta árs, mál nr. 786/2013, má greina að ekki var horft eins stíft til formsatriða er varðaði úthlutun arðs eins og í áðurnefndum málum. Þar var ekki á ferðinni skattamál, heldur mál vegna riftunar á arðsúthlutun á grundvelli laga um gjaldþrotaskipti

o.fl., nr. 21/1991. Byggði riftunin m.a. á því að formreglum hafi ekki verið fylgt við ákvörðun um úthlutun arðsins og að hún hefði verið ótilhlýðileg, með vísan til stöðu félagsins þegar arðgreiðsla á sér stað.

Í málinu þótti það engu breyta hvað varðar lögmæti ákvörðunarinnar um arðsúthlutun að ekki hefði komið fram berum orðum í fundargerð frá fundinum að tillaga þess efnis hafi verið gerð af stjórn félagsins eða með samþykki hennar, sbr. 1. mgr. 101. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þá var heldur ekki talið að það hefði haft neina þýðingu að tillagan hafi ekki komið fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi 2006, eins og ber að gera skv. 65. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Var því talið að arðgreiðslan hafi verið lögmæt og ekki talið unnt að rifta henni á grundvelli framangreindra sjónarmiða.

Þetta gengur að einhverju leyti gegn þeim ströngu formreglum sem beitt hefur verið í skattamálum, þar sem sambærileg formsatriði hafa haft veruleg áhrif við mat á því hvort úttekt telst ólögsmæt við endurákvörðun skatta. Þó er rétt að gera þann fyrirvara að hér aðeins verið að fjalla um eina afmarkaða forsendu fyrir niðurstöðu málanna, en þær grundvallast á fleiri en einni. Engu að síður má sjá nokkurn mun á beitingu formreglnanna í riftunarmálinu annars vegar og endurákvörðunarmálum hins vegar.

Fleiri mál sem varða ólögsmætar úttektir eigenda eru í farvatnu og munu dómsniðurstöður næstu missera vonandi skýra þau viðmið sem ber að beita.

### Samantekt

Rýmisins vegna er staðar numið við umfjöllun um þessi þrjú atriði. Dæmin sýna, svo að ekki verður um villst, að starfsumhverfi endurskoðenda og annarra sérfræðinga getur verið flókið og aðstæður ófyrirséðar.

Allir endurskoðendur leitast vafalaust við að sýna aðgæslu í störfum sínum, en fregnir af höfðun skaðabótamála og sakamála gegn endurskoðendum vegna starfa þeirra og ráðgjafar gefur ærið tilefni til aukinnar varkárni. Á það eki síst við nú, þar sem færa má rök fyrir því að réttarsvið endurskoðenda sæti nokkrum breytingum.

Á sama tíma er einnig sérstök ástæða til að halda því til haga að vegferð skattfyrivalda hefur oft byggt á veikum grunni. Sést það best á því að skv. skýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins um stjórnsýslu skattamála, var það aðeins í 47% tilfella sem yfirsattanefnd staðfesti niðurstöðu skattfyrivalda. Telji aðilar sig sæta endurálagningu að ósekju er nauðsynlegt að láta á það reyna. Að öðrum kosti er hætt við því að til lengri tíma halli verulega á skattgreiðendur í túlkun og beitingu skattalaga, enda hafi sjónarmið skattfyrivalda hlotið takmarkaðri endurskoðun en ella.

*Gunnar Egill Egilsson*



## Réttnefni eða mýraljós?

*Athugasemd um hugtakið viðskiptavild í reikningsskilum*

*Bjarni Frímann Karlsson er lektor við Viðskiptafræðideild HÍ*

Þátttakendur í viðskiptalífnum leggja stundum annan skilning í tiltekin hugtök reikningshaldsins en reglusmiðir og fagmenn á því sviði ætlast til að gildi. Slíkt torveldar að sjálfsgöðu vitræna umræðu um málefni þar sem þessi hugtök skjóta upp koll. Ástæðan er oft sú að regluverk reikningshaldsins er illskiljanlegt öðrum en innvígðum, en einnig getur orðaval verið villandi, þ.e. að hin tilætlaða merking hugtakanna sem gefin eru þessi ákveðnu heiti fari ekki saman við almennan málskilning. Í þessari grein er rætt um hugtak sem valið hefur verið afar óheppilegt heiti, nefnilega „viðskiptavild“.<sup>1</sup>

### Heitið

*Viðskiptavild* er út af fyrir sig snjöll þýðing á enska orðinu „goodwill“, sem notað er mjög víða um þetta hugtak sem viðskiptavildinni er ætlað að standa fyrir; miklu víðar en í hinum enskumælandi heimi, svo sem á Norðurlöndunum og nú orðið í Þýskalandi og Frakklandi. Í þýsku eru einnig til eldri heitin „Geschäftswert“ og „Firmenwert“, og í frönsku „survaleur“ og „écart d'acquisition“. Í kennslubók í bókfærslu og reikningsskilum eftir Gylfa Þ. Gíslason frá 1976 notaði hann orðið „firmavirði“, enda þýskmenntaður. Það heiti vann sér aldrei sess í íslensku, þótt dæmi finnist um að einhverjir nemendur hans hafi notað það á prenti.

Höfundur að orðinu viðskiptavild mun vera Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari. Í viðtali sem Morgunblaðið átti við hann í tilefni af 75 ára afmæli Hæstaréttar segir:

Gizur er orðhagur maður eins og sératkvæði hans bera vott um. Hann er höfundur að íslenskun hugtaka eins og „vísiregla“ (retslig standard) og „viðskiptavild“ (goodwill) sem hafa unnið sér fastan sess í lagamáli. (Mbl., 16. febrúar 1995)

Erfitt er samt að fullyrða nákvæmlega um aldur orðsins. Elsta dæmið finnanlegt á prenti er í Hæstaréttardómi frá 1953 (mál nr. 190/1952). Þar er tíundaður dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. des. 1952, þar sem orðið ber nokkrum sinnum á góma. M.a. segir þar: „Stefnandi hafi á efnahagsreikningi ársins 1947 talið sér viðskiptavild til eignar með kr. 90.000.00.“ Í dómnum

er vísað til reglugerðar nr. 133/1936 um skattalega meðferð viðskiptavildar. En í reglugerðinni er orðið „goodwill“ notað um hana og haft þar í karlkyni. Út frá framansögðu má með vissu fullyrða að orðið viðskiptavild hafi verið komið í notkun ekki síðar en árið 1947. Ritmálssafn Orðabókar Háskólans tilfærir á <http://www.lexis.hi.is/> ekkert dæmi eldra en frá 1982 (Stefán Már Stefánsson: *Íslenskur gjaldþrotaréttur*, 1982) og leit í textasafni Orðabókarinnar skilar ekki eldri dæmum en þeim fimm sem finnast í reglugerðum frá 1961-65. Orðabókin er því fátækleg heimild um aldur þessa orðs.

Í ensku nær notkun orðsins goodwill í viðskiptamáli langleiðina aftur til miðrar 19. aldar. Orðið sjálft er þó ævafornt þar sem það hefur miklu víðara notkunarsvið; merkir almennt eitthvað af eftirfarandi: góðvilji, velvild, vinsamleg samskipti, lipurð, þægileg framkoma.

### Merkingin í daglegu tali

Almenningur leggur yfirleitt þá merkingu í orðið viðskiptavild að hún sýni þann hug sem viðskiptalífið ber til viðkomandi fyrirtækis og að í henni séu því fólgin verðmæti sem megi með réttu telja með eignum þess. Hvorki viðskiptavild né firmavirði rataði inn í fyrstu útgáfu *Íslenskrar orðabókar handa skólum og almenningi* 1963. En í annarri útgáfu hennar, sem var mjög aukin og bætt, er viðskiptavild mætt til leiks sem uppflöttiorð. Þar fær hún merkinguna „verslunar- og viðskiptamál“ og eftirfarandi skilgreiningu:

Það fjárhagslega verðmæti sem felst í því fyrir fyrirtæki að eiga hóp fastra viðskiptavina. (*Íslensk orðabók*, 1983)

Þessi skilgreining hefur haldist óbreytt í síðari útgáfum bókarinnar.

Viðskiptavild er skýrð í fleiri íslenskum orðabókum með eftirfarandi hætti:

Verðmæti þess álits sem fyrirtæki nýtur, viðskiptasambanda þess og hagkvæmrar staðsetningar. (*Íslenska alfræðiorðabókin*, 1990)

1. Þessi grein er veruleg stytting á annarri sem birtist í ráðstefnuritinu Rannsóknir í félagsvísindum XII, Viðskiptafræðideild, 2011, s. 45-54. Hér er að mestu sleppt efni sem endurskoðendur kunna öðrum betur skil á. [http://skemman.is/stream/get/1946/10259/25577/1/Rannsoknir\\_i\\_felagsvisindum\\_XII\\_Vidskiptafradideild.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/10259/25577/1/Rannsoknir_i_felagsvisindum_XII_Vidskiptafradideild.pdf)



Viðskiptavild (e. goodwill) merkir fjárhagslegt verðmæti atvinnufyrirtækja sem fólgið í því að hópur viðskiptamanna kys að skipta við fyrirtæki sakir einhverra sérstakra kosta þess. Þegar eigendaskipti verða að slíku fyrirtæki krefst seljandi venjulega sérstakrar greiðslu fyrir v. Erfitt er að meta v. til verðs en í því sambandi hlýtur þó afkoma viðkomandi fyrirtækisins undanfarið að skipta miklu máli. (Björn Þ. Guðmundsson: *Lögbókin þín*, 1989)

Fjárhagslegt verðmæti atvinnufyrirtækis sem fólgið er í því að hópur viðskiptamanna kys að skipta við það sökum sérstakra kosta þess. (*Lögfræðiorðabók með skýringum*, 2008)

Skilgreiningarnar eru allar keimlíkar. Grunnstefið í þeim er að viðskiptavild er lítt áþreifanlegt fyrirbæri, sem ræðst af tryggð viðskiptavinanna til fyrirtækisins. Íslenska orðabókin segir ekkert um hvað veldur þessari tryggð, en í tveimur síðustu tilvitnunum kemur fram að hún er vegna sérstakra kosta fyrirtækisins. Alfræðiorðabókin er ein um að greina frá í hverju þeir geta verið fólgnir. Skilgreining Björns Þ. Guðmundssonar gengur lengra en hinar að því leyti að þar er dreginn fram vandinn sem tengist því að meta viðskiptavildina til fjár, þótt ekki sé greint frá hvernig það skuli gert. Við blasir að viðskiptavildin er það sem kallað er óefnisleg eign og því erfitt að setja á hana verðmiða.

Í daglegri umræðu, þ.á.m. í fjölmiðlum, er áberandi það viðhorf að forráðamenn fyrirtækja hafi nokkurt sjálfdæmi um að meta viðskiptavildina og geti því fært hana til bókar ef þeir kjósa svo. Með því að halda því fram að fyrirtækið njóti velvilja og trausts á markaði sé þeim í lófa lagið að sýna stöðu fyrirtækis betri en efni standa til, bara með því að „blása upp viðskiptavildina“. Á sama hátt geti þeir með afleitu stjórn tökum „stórskaðað viðskiptavild“ fyrirtækisins.

Þetta er í góðu samræmi við orðabókarskilgreiningarnar og virðast lærdir ekki síður en leikir nota orðið á þennan hátt, sbr. eftirfarandi orð Sigurðar Einarssonar stjórnarformanns Kaupþings í umræðu um stjórnir fyrirtækja og stjórnarhætti í júlíblaði Vísindablaðs 2004: „Leiðin að hagsmunagæslu fyrir félagið er fyrst og fremst fólgin í því að efla viðskiptavild með öllum tiltækum ráðum, sem bæði er gert með því að bæta þjónustu gagnvart viðskiptavinum og hlúa að starfsfólkinu, sem ávallt er í lykilhlutverki bæði hvað varðar viðskiptavild og rekstrarárangur“.

Svipaður skilningur kemur fram hjá sautján þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í greinargerð með þingsályktunartillögu um nauðsynlegar bráðaaðgerðir vegna alvarlegs ástands efna-hagsmála 2009: „Þannig viðhelst verðmæti fyrirtækjanna sem felst í þekkingu og atorku starfsmanna og eigenda, tengslum og viðskiptavild“ (138. löggjafarþing, 3. mál, þskj. nr. 3).

Erfitt er að átta sig á hvaða skilning einn af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggur í viðskiptavildina í eft-

irfarandi ummælum á Alþingi, en hann telur sig þó vita hvernig hún skuli metin: „Þá þumalputtareglu lærði ég í bókhaldsnámi og vinnu í þá tíð að viðskiptavild væri metin 10% af ársveltu. Mér er tjáð að einkabankarnir hafi frá árinu 2001 eða 2002 til ársins 2007, og sparisjóðirnir, hækkað þessa viðskiptavild jafnvel upp í 30–50% af ársveltu, myndað þannig tekjur í bókhaldi og hækkað eigið fé sem varð síðan grundvöllur lánstrausts“ (Atli Gíslason í þingræðu 23. mars 2009). Ekki er ljóst hvenær og hvar slík bókhaldskennsla var í boði, en víst er að þetta er ekki í samræmi við reglur reikningshaldsins.

### Merkingin í reikningshaldi

Reglusmiðir í reikningshaldi hafa ævinlega leitast við að leggja viðskiptalífínu í hendur reglur sem gerir fyrirtækjum kleift að færa bókhald með sem áreiðanlegustum hætti, þannig að reikningsskil á hverjum tíma gefi sem „gleggsta mynd“ af fjárhagslegri afkomu og stöðu fyrirtækjanna. Þessi viðleitni helgast af því að reikningsskil eru ekki gerð eingöngu fyrir eigendur fyrirtækja/félaga heldur einnig og ekki síður fyrir aðila utan þeirra: lánardrottna, viðskiptavini, birgja, hið opinbera og jafnvel samfélagið í heild. Allir þessir aðilar eiga mikið undir því að ársreikningar - birtingarmynd reikningsskila - séu sem trúverðugastir.

Hvað sem góðri viðleitni líður þá eru „rétt“ reikningsskil í rauninni draumsýn (utopia). Því veldur m.a. mælingarvandinn sem semjandi þeirra á stöðugt í. Hann þarf einatt að meta til fjárhæða ýmislegt sem ekki verður komið höndum yfir. Breytingar á reikningsskilareglum og –stöðum í gegnum tíðina hafa miðast við að draga úr þessum vanda og þar með úr áhættu. Þessu má þó líkja við basl Sigynjar með mundlaugina forðum, því viðskiptalífið er flóknara og síbreytilegra en svo að reglusmiðum takist að setja undir alla leka.

Viðskiptavildin er eitt af því sem erfitt er að mæla. Af skilgreiningum orðabókanna hér framar sést að hún merkir verðmæti þeirra „sérstöku kosta“ fyrirtækisins sem „valda því að hópur viðskiptamanna kys að skipta við það“. Þessir kostir geta falist í m.a. falist í viðskiptasamböndum, staðsetningu og síðast en ekki síst í eiginleikum og frammistöðu starfsfólksins.

Þessu er alls ekki mótmælt í reikningshaldinu. Hins vegar kveða reglur þess svo á að þessi óefnislegu verðmæti skuli ekki færð í bókhaldið nema greitt hafi verið fyrir þau! Óheimilt er með öllu að bókfæra óefnisleg verðmæti sem orðið hafa til innan fyrirtækisins. Viðskiptavildin er frábrugðin öðrum óefnislegum verðmætum að því leyti til að hún verður ekki aðskilin frá öðrum eignum og seld ein og sér. Hún verður aðeins seld sem hluti af heild, því hún er í rauninni mismunurinn á kaupverði (markaðsverði) fyrirtækis og matsverði aðgreinanlegra eigna þess og skulda. Í þessu blaði er ástæðulaust að skýra það nánar. Meginreglan sem hér var nefnd hefur í stórum dráttum haldist óbreytt frá því fyrst var farið að færa viðskiptavild í bókhaldi, en það var í Bandaríkjunum um 1880.

Af framansögðu má ljóst vera að merking hugtaksins viðskiptavild er þrengd mjög í reglum reikningshaldsins frá þeirri sem viðgengst í daglegu tali. Fyrirtæki sem ávinnur sér almenna hylli viðskiptavina og byggir upp mikið traust á markaði má ekki færa sér slíkt til eignar í sínum bókum. Í því tilfelli verður engin viðskiptavild færð í bækur, nema fyrirtækið verði selt. Þá færir kaupandinn hana í sínar bækur því hún hlýtur að koma fram í verðinu sem hann þarf að greiða.

Þumalputtareglur um að viðskiptavildin sé tiltekið hlutfall af veltu eru eintómt bull.

### Merkingin í lögum

Viðskiptavild kemur fyrir í fimm gildandi lagabálkum.

Í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er ákvæði um að hún, ásamt fleiri tilgreindum eignaliðum, skuli dregin frá eigin fé fjármálafyrirtækis þegar eiginfjárbáttur A er reiknaður (5. málsl., 84. gr.). Þetta rúmar bæði merkinguna í reikningshaldi og í daglegu tali, því þarna er gert ráð fyrir að viðskiptavild sé til staðar í bókum fyrirtækisins, en engum getum leitt að því hvernig hún komst þangað.

Í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 kemur viðskiptavild þrisvar fyrir. Það er í tengslum við fyrningar, því lögin mæla fyrir um að hún skuli fyrnd árlega eftir tiltekinni reglu og fyrningin telst síðan til frádráttarbærra gjalda við álagningu tekjuskatts. Með þessu er hugtakið séð frá alveg sérstöku sjónarhorni en brýtur þó ekki neitt í bága við hvorki merkinguna í reikningshaldinu né í daglegu tali, þ.e. gert er ráð fyrir að hún sé til staðar í bókunum.

Lög um ársreikninga nr. 3/2006 eru furðu fáorð um viðskiptavildina. Hana ber þar á góma átta sinnum en aðeins í tveimur greinum. Í IV. kafla laganna sem fjallar um matsreglur segir í 41. gr. að „hafi félag greitt meira fyrir fjárfestingu sína í dóttur- eða hlutdeildarfélagi en sem nemur hlutdeild í hreinni eign þess við kaup ber að heimfæra mismuninn undir tilgreindar eignir ef það er unnt, ella telst hann viðskiptavild.“ Þetta er hin klassíska merking í skilningi reikningshaldsins. Síðan er því bætt við að viðskiptavildin skuli afskrifuð (fyrnd) með kerfisbundnum hætti, þ.e. í samræmi við skattalögin, en að auki er um slíkt vísað til „settra reikningsskilareglna“. Loks er bætt við alveg nýju sjónarhorni: „Hafi félag hins vegar greitt minna fyrir fjárfestingu sína í dóttur- eða hlutdeildarfélagi en sem nemur hlutdeild í hreinni eign þess við kaup ber að heimfæra mismuninn á sama hátt og að framan greinir en með öfugum formerkjum.“ Hér kemur með öðrum orðum fram neikvæð viðskiptavild (e. negative goodwill). VII. kafli laga um ársreikninga fjallar um samstæðureikningsskil. Þar er í 79. gr. gerð grein fyrir svokallaðri kaupaðferð við slík reikningsskil og koma ofangreind ákvæði þar fram með öllu skýrari hætti: „Jákvæð viðskiptavild færirst sem sérstakur liður meðal eigna en neikvæð viðskiptavild skal færð sem sérstakur liður meðal skuldbindinga. Viðskiptavild skal afskrifuð með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingar-

tíma hennar, þó að hámarki á 20 árum, eða metin árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur, hafi hún ekki ákveðinn líftíma, sbr. 24. gr. Neikvæð viðskiptavild skal tekjufærast á móti þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar kaupunum, þó að hámarki á 20 árum.“

Loks kemur viðskiptavild einu sinni fyrir í lögum um Ríkisútvarpið ohf. nr. 6/2007 og í lögum um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. nr. 76/2008. Þarna er í fljótu bragði ekki alveg ljóst hvaða merking er lögð í orðið viðskiptavild.

Þegar rætt er um merkingu orða í lögum er ávallt nauðsynlegt að hafa í huga að ekki gilda sömu lögmál og um túlkun bókmenntatexta eða sagnfræðiheimplar. „Texti settrar lagareglu er ekki samþykktur á vettvangi löggjafans eða settur af handhafa framkvæmdarvalds til að útbreiða sannindi eða skoðanir heldur til þess að skapa viðmið fyrir mannleg samskipti með því að hafa áhrif á breytni borgaranna. Sá réttur sem viðurkenndur er í framhaldi af túlkun settrar lagareglu er því ekki staðreynd sem talin verður rétt eða röng“ (Róbert R. Spanó: Um lögskýringu, *Rannsóknir í félagsvísindum VI: Lagadeild*, 2005, bls. 327-351).

### Veldur viðskiptavild einhverjum vandræðum?

Eftir bankahrunið í október 2008 snerist dagleg umræða í samfélaginu eðlilega mikið um það að leita skýringa. Reikningsskilareglur lentu ofarlega á lista yfir orsakir þessa og bar viðskiptavild þar títt á góma.

Aðstæður á hlutabréfamarkaði hljóta eðli máls samkvæmt að hafa áhrif á viðskiptavild almennt. Á tímum hækkandi hlutabréfaverðs eykst munurinn á markaðsverði og bókfærðu verði fyrirtækja, þ.e. P/B-hlutfall þeirra hækkar. Þegar kaup á fyrirtækjum eiga sér stað við slíkar aðstæður verður því oft til viðskiptavild. Þetta var vissulega tilfellið hér á landi sem annars staðar, en líkast til í ýktari mynd. Athugun á þróun óefnislegra eigna á íslenska hlutabréfamarkaðnum 1995-2001 sýndi að þær hækkðu úr 2,4 milljörðum króna í 53 milljarða króna á tímabilinu. Viðskiptavildin skipaði langstærstan sess í þessari hækkun (Einar Guðbjartsson í *Rannsóknir í félagsvísindum IV*, 2003, bls. 97-111). Úttekt á viðskiptavild 20 félagasamstæðna í Kauphöll Íslands á árunum 2003-2007 sýndi að hún fimmtánfaldaðist á þessum fimm árum, meðan heildareignir tæplega nífölduðust. Eigið fé félaganna tæplega tífaldaðist á sama tíma. Í árslok 2003 nam viðskiptavild þeirra 3,7% af heildareignum og tæpum 33,9% af eigin fé. Í lok ársins 2007 var hlutfall viðskiptavildar komið í 6,2% af heildareignum þeirra og 52,6% af eigin fé. Allan þennan tíma var nær óþekkt að virðisrýrnun væri færð. Það gildi alveg fram yfir bankahrun. (Aðalsteinn Hákonarson í *Tíund*, 2008).

Í uppsveiflunni á árunum fyrir hrun voru líka dæmi um að félög væru keypt og seld aftur og aftur milli sömu aðila, sbr. svo nefnda „Sterling-fléttu“. Alltaf hækkaði verðið og um leið viðskiptavildin. Nú hefur það svo sem komið fyrir í gegnum tíðina



að menn hafi leikið af sér í viðskiptum, t.d. með því að kaupa eitthvað of háu verði. Það gildir líka um kaup á heilum félögum. Þá hafa þeir líka þurft að súpa af því seyðið, og það fremur fyrir en seinna. Menn komust býsna lengi upp með hluti af þessu tagi. Ekki er þó ljóst að fordæma skuli reglurnar, þótt þær megi að sjálfsögðu bæta.

### Niðurstaða og tillaga

Hér hefur verið sýnt fram á tilverurétt fyrirbærisins viðskiptavildar. Einnig að viðskiptalífið hefur ekki umgengist hana með tilhlýðilegri varúð. Í henni sjá margir verkfæri óprúttinna manna til að tildra upp spilaborgum í viðskiptalífinu. Engan þarf að undra þetta. Orðið viðskiptavild hefur yfir sér svo fallegan blæ; það vekur upp góð hughrif. Þetta annars ágæta orð er samt mjög óheppilegt heiti á því hugtaki sem reglur reikningshaldsins og líka skattlagningarvaldsins ætla því að standa fyrir. Þar í liggur vandinn og allur misskilningurinn.

Hér er því gerð sú tillaga að leggja niður notkun þessa orðs í reikningshaldi og skattamálum og taka þess í stað upp heitið *Yfirverðsreikningur fjárfestingar í félögum*.

Með því að kalla þetta yfirverð er verið að vekja athygli á að þarna eru „spekulatífir“ hlutir á ferð; aðgæslu er þörf, ekki síst fyrir lánardrottna. Benda má á að meðal liða í eiginfjárfærslu efnahagsreiknings finnst liðurinn „Yfirverðsreikningur hlutafjár“. Eðli hans er flestum ljóst, bara út frá orðanna hljóðan.

Frakkar hafa einhvern tíma gert sér grein fyrir þessu þegar notuðu orðin „survaleur“ (=yfirvirði) og „écart d’acquisition“ (=kaupauki) um þetta fyrirbæri. Þeir hafa þó kastað þessum ágætu orðum fyrir róða með því að innleiða „goodwill“.

Í hinum enskumælandi heimi er orðið „goodwill“ sama marki brennt og „viðskiptavild“ hjá okkur og þar hefur hliðstæður misskilningur lengi skekið viðskiptalífið (sbr. T.A. King: *More than a numbers game*, 2006). Hér skal því færst mikið í fang og lagt til að í enskumæltu heiminum og víðar verði tekið upp heitið *Investment premium account* eða eitthvað í þeim dúr.

Bjarni Frímann Karlsson

## Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2014 - 2015



**Félagsstjórn frá vinstri:** J. Sturla Jónsson formaður, Margrét Pétursdóttir varaformaður, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, Árni Valgarð Claessen og Ljósbrá Baldursdóttir.

**Álitsnefnd:** J. Sturla Jónsson formaður, Margrét Pétursdóttir, Sigurður Páll Hauksson, Þórir Ólafsson, Margret G. Flóvenz og Ómar Björnsson varamaður.

**Endurskoðunarnefnd:** Hrafnhildur Helgadóttir formaður, Áslaug Rós Guðmundsdóttir, Elín Hanna Pétursdóttir og Helga Hjálmrós Bjarnadóttir.

**Gæðanefnd:** Bryndís Björk Guðmundsdóttir formaður, Hólmsteinn Halldórsson, Kristinn Kristjánsson og Arnar Þorkelsson.

**Menntunarnefnd:** Björn Helgi Arason formaður, Jón Þór Hallsson, Íris Ólafsdóttir og Geir Steindórsson.

**Reikningsskilanefnd:** Herbert Baldursson formaður, Unnar Friðrik Pálsson, Jón Arnar Baldurs og Signý Magnúsdóttir.

**Skattanefnd:** Alexander Eðvardsson formaður, Sigríður Ármannsdóttir, R. Dofri Pétursson og Benóní Torfi Eggertsson.



## Golfannáll endurskoðenda sumarið 2014

Auðunn Guðjónsson er endurskoðandi hjá KPMG

# GOLF

Um árabíl hafa endurskoðendur staðið fyrir golfmótum innan stéttarinnar. Tilgangurinn er ekki síst félagslegur enda þykir fátt skemmtilegra en að spila golf í góðum félagsskap. Einnig eru mótin íþróttakeppni þar sem þeir, sem náð hafa betri tókum á íþróttinni en aðrir, vinna til verðlauna. Undirritaður stóð að skipulagningu þessa mótahalds sumarið 2014 eins og tvö sumur þar á undan í samvinnu við tvo aðra endurskoðendur þá Ragnar J. Bogason og Sveinbjörn Sveinbjörnsson.

Sumarið 2014, eins og sumarið 2013, var mjög vætusamt um sunnanvert landið sem hafði örugglega áhrif á golfiðkun flestra kylfinga, þ.m.t. endurskoðenda. Þá komu flestir vellir á höfuðborgarsvæðinu illa undan vetri vegna klakaskemmda. Það breytir ekki því að þeir sem hafa tileinkað sér þann lífsstíl sem golfiðkun fylgir, hika ekki við að stunda íþróttina þó einhverjir dropar komi úr lofti eða hár bærst svolítið á höfði. Á stundum fer það reyndar saman, allt svo rok og rigning, en það hefur ekki áhrif á þá allra hörðustu og áhugasömustu. Ég hef tekið eftir því að þeir sem ekki stunda útivist, tjá sig meira um slæm veðurskilyrði en við sem erum meira utandyra.

Mótahaldið er í mjög föstum skorðum og sambærilegt og undanfarin ár. Mótin voru tvö, annars vegar sveitakeppni við tannlækna og hins vegar meistaramót FLE. Mótin voru bæði seinni hluta sumars og það sem réði því var aðallega bið umsjónarmanna eftir hagstæðu veðurfari.

### Sveitakeppni við tannlækna

Ákveðið var að viðhalda hinni árlegu keppni við tannlækna. Um er að ræða sveitakeppni og fer keppnin þannig fram að tveir endurskoðendur leika gegn tveimur tannlæknum. Fyrirkomulagið er holukeppni (betri bolti með forgjöf). Keppnin við tannlækna fór fram við ágætar aðstæður og í góðu veðri þriðjudaginn 2. september á Gufudalsvelli í Hveragerði. Alls tóku þátt tíu endurskoðendur og tíu tannlæknar (fimm holl). Eftir æsispennandi keppni stóðu endurskoðendur uppi sem sigurvegarar. Endurskoðendur unnu þrjá leiki en tannlæknar tvo.



Kristófer á nægður með árangurinn.

Enn hefur ekkert spurst til silfurbikarsins sem mun á árum áður hafa verið veittur því liði sem stóð uppi sem sigurvegari. Styður það tilgátu endurskoðenda um að hann hafi verið nýttur í fyllingar. Vegna þessara aðstæðna var til málamynda afhentur sá bikar sem hendi stóð næst í golfskálunum í Hveragerði.



## Meistaramót FLE

Meistaramót endurskoðenda fór fram í þrítugasta og þriðja sinn föstudaginn 19. september á Urriðavelli í framhaldi af reikningsskiladegi FLE. Alls tóku þátt 20 endurskoðendur sem stóðu sig allir með mikilli þrýði. Keppt var til verðlauna í fjórum flokkum. Þrír efstu í hverjum flokki fengu verðlaunapening, en auk þess var dregið úr skorkortum. Helstu úrslit voru eftirfarandi (nánari úrslit má finna á [golf.is](http://golf.is)):

### Höggleikur kvenna með forgjöf (3 þátttakendur):

1. Auður Þórisdóttir
2. Anna Skúladóttir
3. Helga Harðardóttir

### Höggleikur karla (eldri flokkur) með forgjöf (13 þátttakendur):

1. Ragnar Gíslason
2. Bjarki Bjarnason
3. Guðmundur Frímannsson

### Höggleikur karla (yngri flokkur) með forgjöf (4 þátttakendur):

1. Kristófer Ómarsson
2. Auðunn Guðjónsson
3. Sveinbjörn Sveinbjörnsson

### Höggleikur án forgjafar (opinn flokkur):

- |                       |         |
|-----------------------|---------|
| 1. Kristófer Ómarsson | 82 högg |
| 2. Ragnar Gíslason    | 82 högg |
| 3. Jónatan Ólafsson   | 88 högg |

Sá keppandi sem er með lægsta skor með forgjöf fær farandbikar. Þetta árið var það Kristófer Ómarsson sem var með lægsta nettóskor (72 högg) og telst hann Golfmeistari FLE árið 2014.



Verðlaunaafhending, sveitakeppni við tannlækna.

Þeim er þakkað sem tóku þátt í mótahaldi sumarsins. Er það von umsjónarmanna að þátttaka í mótahaldi næsta golfsumars verði enn meiri og veðurfar hagstæðara.

*Auðunn Guðjónsson*



Frá gleðistund FLE.





## Skattskylda og skattframtalsskil þrotabúa

*Guðbjörg Þorsteinsdóttir, lögfræðingur á Skatta- og lögfræðisviði Deloitte*

Við fyrstu sýn mætti ætla að ekki væri mikið um flókin álitaefni tengd skattlagningu þrotabúa því um er að ræða ógjaldfæra aðila sem alla jafna hafa ekki miklar skattskyldar tekjur. Þrátt fyrir þetta hafa komið fram ýmis álitaefni varðandi skattskyldu þrotabúa sem ekki er tekið sérstaklega á í skattalögum. Tvö af þessum álitaefnum snúa að athyglisverðum túlkunum skattfyrivalda sem mögulega þyrfti að kveða skýrar á um í lögum.

### Almennt um skattlagningu þrotabúa

Skattskylda þrotabúa er óumdeilanleg en þau hafa verið með sjálfstæða skattskyldu hér á landi allt frá árinu 1921, þegar fyrstu skattalögin voru sett hér á landi. Þrotabú eru skattskyldir lögaðilar samkvæmt 5. tl. 2. gr. tekjuskattslaganna nr. 90/2003 og ber þeim því að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað. Skattskylda þrotabús stofnast við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um töku bús skuldara til gjaldþrotaskipta samkvæmt 72. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., en skattskyldunni lýkur svo við skiptalok.

Skattskyldan nær til tekna af fjárhagslegum réttindum sem falla til þrotabúsins frá og með upphafi skipta til og með skiptaloka. Þrotabú geta til dæmis haft tekjur vegna áframhaldandi atvinnustarfsemi, fengið tekjur af vöxtum, arð, tekjur vegna leigu fasteigna, söluhagnað o.fl.

Álitamál getur verið hvaða rétthæðar skattkröfur njóta í þrotabúi en um rétthæð krafna fer eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 21/1991. Þannig myndu skattkröfur sem falla til fyrir úrskurðardag teljast til almennra krafna skv. 113. gr. laganna, en skattkröfur sem falla til á meðan gjaldþrotaskiptum stendur geta talist til búskrafna skv. 110. gr. laganna. Þetta var meðal annars staðfest í dómi Hæstaréttar í máli nr. 62/2014 (Fjármálaeftirlitið gegn EA fjárfestingarfélagi ehf.) en þar komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins sem féll á fjármálafyrirtæki í slitameðferð, auk dráttarvaxta, teldist til búskrafna skv. 2. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991, á þeim grundvelli að opinber gjöld, sem lögð væru á þrotabú vegna starfsemi þess eftir upphaf gjaldþrotaskipta, teldust til skiptakostnaðar.

### Skattskyld eftirgjöf skulda hjá þrotabúum

Þá komum við að áhugaverðu álitaefni sem varðar eftirgjöf skulda hjá þrotabúum. Fyrr á þessu ári barst Skatta- og lögfræðisviði Deloitte ehf. svar frá ríkisskattstjóra við fyrirspurn um hvernig fara skyldi skattalega með skuldir umfram eignir sem ekki fengjust greiddar við uppgjör þrotabúa, t.d. ef einungis væru til eignir fyrir 40% krafna á hendur viðkomandi búi. Ríkisskattstjóri vísaði til þeirrar meginreglu að skuldir sem ekki fást greiddar teljast til skattskyldrar eftirgjafar hjá skuldara,

en þar vísast einkum til 7. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 um skattskyldar tekjur.

Í 3. tölulið 1. mgr. 28. gr. laga nr. 90/2003 segir svo að ekki sé um skattskylda eftirgjöf að ræða þegar um er að ræða skuldir utan atvinnurekstrar sem fást eftirgefnar við nauðasamninga og greiðsluaðlögun einstaklinga. Í ákvæðinu segir að skuldirnar meggi ekki hafa myndast í sambandi við atvinnurekstur. Reglugerð nr. 534/2009 skýrir svo nánar hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar til þess að eftirgjöf manna utan atvinnurekstrar teljist ekki til tekna. Ljóst er því að þegar um gjaldþrota einstakling er að ræða sem fær eftirgefnar skuldir utan atvinnurekstrar þá telst slík eftirgjöf ekki til tekna. Sams konar undantekningarreglu er ekki að finna hvað varðar skuldir lögaðila sem hafa myndast í atvinnurekstri.

Ríkisskattstjóri vísaði til þess í svari sínu að engar sérreglur giltu um eftirgjöf skulda hjá þrotabúum og því myndi mismunurinn teljast skattskyld eftirgjöf. Ríkisskattstjóri tók fram í svari sínu að „eðli máls samkvæmt“ myndi líklega ekki koma til neinnar skattlagningar hjá þrotabúum þar sem í flestum tilvikum væri til staðar yfirfæranlegt tap til að mæta tekjufærslunni. Þá væri þrotabúum einnig heimilt að nýta sér lækkun á tekjufærslunni í samræmi við bráðabirgðaákvæði XXXVI og XLIV tekjuskattslaga. Raunin er þó oft sú að þrotabú hafa ekki til staðar nægjanlegt yfirfæranlegt rekstrartap til að mæta mögulegri tekjufærslu og þá skattlagningu vegna eftirgjafar á skuldum þess.

Enn hefur ekki reynt á þetta álit ríkisskattstjóra en standist þessi túlkun þá þyrfti einnig að líta til þess hvaða stöðu slík skattkrafta ætti að njóta í þrotabúum. Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 62/2014, og einnig máls nr. 161/2014, verður ekki annað séð en að umræddar skattkröfur vegna skulda þrotabúa umfram eignir teldust einnig njóta stöðu sem búskröfur. Fyrir utan forgang slíkra krafna umfram aðrar kröfur þá er hægt að fylgja þeim fram gagnvart þrotabúi eftir að kröfulýsingafrestur er liðinn, sbr. 5. tl. 1. mgr. 118 gr. laga nr. 21/1991, sem almennt væri ekki hægt með annars konar kröfur.

Ef dæmi væri tekið um þrotabú sem á eignir samtals að verðmæti 10 milljónir króna en skuldir búsins nema samtals 45 milljónum króna, þá leggst 36% tekjuskattur á mismuninn, 35 milljónir króna, sem gerir 12,6 milljónir króna í tekjuskatt ef gert er ráð fyrir því að ekkert yfirfæranlegt skattalegt tap sé til staðar. Þar með myndi álagður tekjuskattur vegna eftirgjafarinnar vera hærri en sem næmi eignum búsins og allar eignir þrotabúsins, að frátöldum öðrum skiptakostnaði, rynnu í ríkis-



sjóð. Í þrotabúum þar sem yfirfæranlegt skattalegt tap væri til staðar þá væri hugsanlegt að nýta það á móti umræddri tekjufærslu. Í mörgum stórum þrotabúum er þó reyndin oft sú að lýstar kröfur nema talsvert hærri fjárhæð heldur en yfirfæranlegt skattalegt tap og í þeim tilvikum gæti komið til tekjufærslu sem gengur á eignir þrotabúsins.

Stórt álitamál er hvort að þessi túlkun standist. Erfitt væri að ímynda sér hvernig þessi skattlagning ætti að koma til framkvæmda eða greiðslu í raun. Ef skiptastjóri hefur þegar greitt út kröfur í þrotabúi, ætti skiptastjóri að bera ábyrgð á því að endurheimta fjármuni frá kröfuhöfum sem þegar hafa fengið greiðslur upp í sínar kröfur og afhenda skattyfirvöldum af því að skattkrafan átti forgang?

Álitamálið er þó raunverulegt og má geta þess að skattyfirvöld í Þýskalandi hafa gefið út sambærilegt álit þess efnis að við slit eða gjaldþrotaskipti lögaðila þá mynda ógreiddar skuldir eftir úthlutun allra eigna skattskyldar tekjur en endanleg niðurstaðan þar í landi er enn óljós þar sem þýskir dómstólar hafa ekki staðfest þessa túlkun. Ljóst er að ef að vilji löggjafans hér á landi er sá að eftirgefnar skuldir í tengslum við uppgjör þrotabúa eigi ekki að koma til skattlagningar, þá er nauðsynlegt að kveða á um það með skýrum hætti í tekjuskattslögunum.

### Skattframtalsskil þrotabúa

Forsenda þess að þrotabúi geti nýtt sér yfirfæranlegt skattalegt tap, sem gæti verið mikilvægt ef skattlagning á eftirgjöf skulda þeirra kemur til framkvæmda, er að það hafi verið gerð grein fyrir rekstrartapinu með fullnægjandi hætti og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist, sbr. 8. tl. 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003. Mikilvægt er því að ávallt hafi verið talið fram fyrir þrotamanninn fyrir bæði tímabil fyrir og eftir gjaldþrotaskiptin.

Framtalsskylda hvílir á á þrotabúum og skulu skiptastjórar telja fram fyrir þrotabúi, sbr. 2. mgr. 90. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003, frá dagsetningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti og fram að skiptalokum. Þá segir enn fremur í 1. mgr. 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991 að skiptastjóri skuli sjá um reikningshald fyrir þrotabúið og gefa skýrslur til yfirvalda um fjármuni þess og rekstur eftir því sem þörf krefur. Ef einkahlutafélag er til dæmis úrskurðað gjaldþrota 1. apríl 2014 þá er fyrsta uppgjörstímabilið fyrir þrotabúið frá þeirri dagsetningu og til 31. desember 2014. Ef að gjaldþrotaskiptum lýkur 26. júní 2015 þá markar sú dagsetning lokareikning félagsins.

Skiptastjórar taka nánast aldrei við þrotabúum við áramót og því þarf að líta til þess hvernig fara ber með framtalsskilin fyrir tímabilið fyrri hluta ársins eða fram að gjaldþrotaskiptum þegar um lögaðila er að ræða. Álitamál hefur verið uppi hvort að félagsstjórn lögaðila beri að telja fram fyrir tímabil fram að gjaldþrotaskiptum eða hvort að skiptastjórum beri að uppfylla þá skyldu. Tekjuskattslögin eru skýr varðandi framtalsskylduna, þ.e. samkvæmt 3. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003 ber stjórn fram-

talsskylduna fyrir lögaðilann, þ.e. fram að gjaldþrotaskiptum, og samkvæmt 2. mgr. 90. gr. sömu laga þá ber skiptastjóri framtalsskyldu fyrir þrotabúið, þ.e. frá úrskurðardegi og fram að skiptalokum.

Þrátt fyrir skýra lagaskyldu þá hefur ríkisskattstjóri talið að skiptastjóra beri að sjá til þess að telja fram fyrir allt árið, þ.m.t. tímabilið fram að gjaldþrotaskiptum. Þetta álit ríkisskattstjóra er byggt á úrskurði yfirskattanefndar frá árinu 1995 nr. 1014/1995, en um er að ræða úrskurð sem ekki hefur verið birtur opinberlega. Í umræddum úrskurði var um að ræða lögaðila sem tekinn var til gjaldþrotaskipta 22. júní 1992. Ekki var talið fram innan tilskilins framtalsfrests árið 1993 og sætti þrotabúið álagningu. Skiptastjóri kærði álagninguna og lagði fram skattframtal ásamt ársreikningi vegna rekstrar þrotabúsins frá úrskurðardegi um gjaldþrotaskipti, 22. júní 1993, til 31. desember 1992. Skattstjóri hafnaði að fella niður álagninguna á grundvelli þess að ekki hafi verið gerð grein fyrir starfsemi þrotamanns frá 1. janúar 1992 til 21. júní 1992. Niðurstaða YSKN var sú að það hefði verið skylda skiptastjóra að telja fram fyrir félagið allt frá ársbyrjun ársins 1992, því það væri á ábyrgð skiptastjóra að sjá til þess að þessum skyldum væri fullnægt, bæði vegna félagsins og þrotabús þess. Vísað var til þess að af þágildandi ákvæði tekjuskattslaganna, sem er sambærilegt ákvæði 2. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003, „leiðir ekki beint“ að skiptastjórum sé skyld að sjá um að skattskilum sé sinnt vegna tímabils fyrir gjaldþrotaskipti. Á grundvelli almennra ákvæða gjaldþrotaskiptalaganna nr. 21/1991 um skyldur skiptastjóra og þess að félagsstjórn væri ekki bær né henni kleift að annast framtalsskilin eftir að félagið var tekið til gjaldþrotaskipta, var talið að skiptastjóra bæri að semja skattskil félagsins fyrir allt árið.

Ríkisskattstjóri tekur undir þetta álit í niðurstöðu úrskurðar YSKN nr. 1014/1995 og telur að skiptastjórum beri að telja fram fyrir fyrri tímabil þrotamanns þegar um lögaðila er að ræða. Vafi leikur á því hvort að þessi túlkun geti staðist á grundvelli þess að tekjuskattslögin eru skýr hvað varðar framtalsskylduna, þ.e. hún hvílir á stjórn félagsins fyrir tímabilið fram að gjaldþrotaskiptum. Ekki er um skýran lagagrundvöll að ræða til að leggja þessa skyldu á skiptastjóra. Eins hefur þeirri spurningu ekki verið svarað hvernig fara ber með þrotabúi lögaðila þar sem bókahald er í mikilli óreiðu, jafnvel ekki til staðar, og framtalsskilum hefur ekki verið sinnt í fleiri ár fram að gjaldþrotaskiptum? Að lokum má geta þess að framkvæmdin við skattskil þrotabúa hefur ekki verið markviss, lítið eftirlit virðist vera með framtalsskilum þrotabúa og lengi vel hefur verið látið átölulaust hjá ríkisskattstjóra þótt framtölum hafi ekki verið skilað. Ljóst er að ef fyrri álitamálið varðandi skattskylda eftirgjöf hjá þrotabúum kemur til framkvæmda, þá þurfa framtalsskil að vera í lagi varðandi þau félög sem hafa til staðar yfirfæranlegt skattalegt tap. Þá þurfa skiptastjórar að bretta upp ermarnar og skila einnig fyrir fyrri tímabil til að heimilt sé að nýta tapið.

*Guðbjörg Þorsteinsdóttir*



## Rafræn stjórnsýsla á tímamótum?

*Skúli Eggert Þórðarson er ríkisskattstjóri*

### I.

Með lögum nr. 35/2014 komu til framkvæmdar aðgerðir um niðurfærslu höfuðstóls verðtryggðra fasteignalána. Markmið þeirra laga var að leiðrétta hlut þeirra sem skulduðu verðtryggð íbúðalán með tilteknum hætti, enda hefðu þeir orðið fyrir ákveðnum forsendubresti á árunum 2008 og 2009, svo sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi að lögunum. Um var að ræða verkefni sem hafði verið í undirbúningi frá því á árinu 2013. Ráðherraskipaður starfshópur vann að undirbúningnum og kynnti niðurstöður sínar opinberlega 30. nóvember 2013. Tóku þá við keflinu sérfræðingar sem ætlað var að útfæra framkvæmd hugmyndanna og semja lagafrumvarp þess efnis.

Við undirbúning löggjafarinnar um leiðréttingu húsnæðislána var haft víðtækt samráð við þá sem framkvæmd frumvarpsins varðaði. Starfsmenn fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóða, forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðneytis auk ríkisskattstjóra mynduðu framkvæmdahóp þar sem útfærsla vinnunnar var skipulögð og álitamál henni tengd rædd ítarlega. Kom á þeim vettvangi fljótlega fram sú hugmynd að allt leiðréttingarferlið skyldi vera rafrænt. Álitamál þótti í upphafi hvort unnt væri lagalega að krefjast þess af umsækjendum að umsóknarferli um leiðréttingu skyldi eingöngu vera rafrænt, og hvort ekki væri rétt eða jafnvel skylt að veita svigrúm til þess að í ákveðnum tilvikum mætti sækja um á pappír. Niðurstaða þessa varð þó sú að byggja á gildandi stjórnsýslulögum nr. 37/1993 þar sem fyrir hendi er lagaheimild fyrir því að stjórnsýsla geti verið rafræn. Er það IX. kafli laganna, einkum 35. - 39. gr. sem eru grunnlagaheimild þessa.

Þannig var afráðið á meðan vinnunni að frumvarpinu stóð að umsóknarferlið skyldi allt verða rafrænt og talið var að umsækjandi gæti ekki átt lögvarinn rétt til þess að haga umsókn sinni með öðrum hætti en löggjöfin gerir ráð fyrir. Samningu frumvarpsins lauk á vormánuðum 2014 og eftir framlagningu þess og umfjöllun Alþingis var frumvarpið samþykkt sem lög 17. maí 2014 og ætlað að koma til framkvæmda þá þegar.

Í meðförum Alþingis var ákvæðum frumvarpsins varðandi rafræna stjórnsýslu ekki breytt, og átti umsækjandi ekki annan kost en að sækja rafrænt um ef hann ætlaði á annað borð að nýta sér rétt sinn til leiðréttingar fasteignaveðlana. Á svipuðum tíma voru einnig samþykkt lög um ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól fasteignaveðlana sem einnig komu þegar til framkvæmda og þar var sama skilyrði um að umsókn skyldi vera rafræn.

### II.

Samkvæmt lögum nr. 35/2014 skyldi reikna út tiltekna leiðréttingarfjárhæð fyrir hvern og einn umsækjanda eftir nánar útfærðum forsendum, sem síðan skyldi ganga til lækkunar eftirstöðva íbúðalána eða eftir atvikum verða viðbótar persónuafsláttur.

Kveðið var á um að framkvæmd laganna skyldi vera að öllu leyti rafræn. Skyldi þannig útfylling umsækjanda á umsókn og sending hennar, úrvinnsla umsókna og birting niðurstaðna af hálfu ríkisskattstjóra, og aukinheldur samþykki umsækjanda á ráðstöfun fjármuna vera rafræn að öllu leyti.

Rökin fyrir þessu fyrirkomulagi eru að rafræn stjórnsýsla er almennt talin sérlega áreiðanleg. Má t.d. nefna að með rafrænni sendingu gagna milli umsækjanda og stjórnvalds má komast hjá þeirri villuhættu sem skapast við innskráningu og afritun pappírgagna inn í rafræn kerfi til úrvinnslu. Einnig skiptir máli í þessu samhengi að með öruggri rafrænni auðkenningu eru minni líkur á fölsunum svo sem ætíð á sér stað af og til þegar lagðar eru fram umsóknir með venjulegri handundirritun.

Með framangreindum lögum var tiltekinni stofnun, ríkisskattstjóra, fengið það verkefni að sinna stjórnsýslu leiðréttingarinnar með alfarið rafrænum hætti. Löggjöfin er þannig um margt afar merkileg nýjung hér á landi, og um leið eftirtektarverð tilraun til að gera auka skilvirkni íslenskrar stjórnsýslu með rafrænum úrræðum.

Er ástæða til þess að staldra við og velta fyrir sér hvort með lögum þessum hafi í reynd verið stigið nýtt og áður óþekkt skref í stjórnsýslu hérlandis.

### III.

Ríkisskattstjóri er stofnun sem sett var á fót með lögum nr. 50/1962 og hefur starfað í röska hálfu öld. Samkvæmt núgildandi lögum er henni ætlað að fara með álagningu skatta og gjalda á Íslandi, ásamt því að sinna skatteftirliti og skráarhaldi tiltekinn landsskráa, og gegna viðeigandi þjónustu- og leiðbeiningarhlutverki. Með lögum 35/2014 var ríkisskattstjóra ætlað nýtt hlutverk í afmarkaðan tíma en þó án þess að skerða önnur þau lögbundnu verkefni sem embættið hefur með höndum.

Ýmisleg athyglisverð ákvæði eru í lögum 35/2014 auk þess



sem fyrr er getið um rafrænt umsóknarferli. M.a. er þar ákvæði um afhendingu upplýsinga á grundvelli upplýsts samþykkis sem umsækjanda er ætlað veita með því að merkja við í tiltekinn reit. Er þetta samþykki lykilatriði í umsóknarferlinu þar sem það er grundvöllur þess að þeir sem fara með framkvæmd laganna geti sótt allar nauðsynlegar upplýsingar. Það að ríkisskattstjóri fari með framkvæmd laga nr. 35/2014 felur ekki í sér að jafnframt megi nýta hefðbundnar heimildir ríkisskattstjóra til að kalla eftir upplýsingum til að sannreyna ákvörðun skatta og gjalda í því skyni að ákvarða forsendubrest lána í samræmi við lög nr. 35/2014, heldur þarf að liggja fyrir sérstakt samþykki umsækjanda á notkun slíkra upplýsinga.

Lagaáskilnaður þessi um notkun upplýsinga er eftirtektarverður og augljóslega má gagnálykta að afhending upplýsinga til ákvörðunar leiðréttingarfjárhæðar getur því aðeins farið fram að umsækjandi hafi veitt upplýst samþykki sitt. Fyrirnefnt upplýst samþykki er þannig athyglisvert út frá þeim sjónarmiðum sem almennt gilda um afhendingu upplýsinga til ríkisskattstjóra, en ekki síður um hvað verði ef upplýsta samþykkið er ekki til staðar. Bregðist slíkt samþykki í umsóknarferlinu felur það sjálfkrafa í sér að umsókn verður ekki tekin gild.

Ýmis annar lagalegur munur er á ákvæðum laga nr. 35/2014 og skattalögum. Meðal endurskoðenda og annarra atvinnuframteljenda eru vel þekkt ákvæði 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt með áorðnum breytingum. Það ákvæði felur í sér heimild til að taka við síðbúnum framtölum eða leiðréttingum á fyrri skattskilum. Í lögum nr. 35/2014 er ekkert slíkt ákvæði, og þannig er aðila sem ekki sótti um leiðréttingu á réttum tíma engin heimild veitt til að senda inn síðbúna umsókn. Sömuleiðis er ekki heimild fyrir aðila sem ekki luku umsóknarferlinu innan umsóknarfrests að krefjast þess allt að einu að umsókn verði tekin gild. Heimildir ríkisskattstjóra til að fallast á umsókn við þær aðstæður þegar umsækjandi hefur af einhverjum ástæðum ekki lokið umsókn sinni eru þannig afar takmarkaðar og ráðast af almennum ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þegar horft er til þess hve hlutverk ríkisskattstjóra við framkvæmd leiðréttingarinnar er í reynd ólíkt öðrum verkefnum embættisins, auk þess sem fyrr var nefnt um muninn á laga-grundvelli leiðréttingarverkefnisins og annarra starfa ríkisskattstjóra, sbr. t.d. notkun lagaheimilda, lá beinast við að ríkisskattstjóri afmarkaði stjórnsýslu tengda lögum nr. 35/2014 algjörlega frá öðrum lögbundnum verkefnum sínum. Átti þetta við um húsnæði, faglega og tæknilega vinnu og einnig þjónustu við umsækjendur. Ekki kom til greina annað en að sérstakt vefsvæði og nýtt símanúmer yrðu sett upp og að nýir starfsmenn fengnir tímabundið í þetta verkefni.

Fljótlega kom þó í ljós að verkefnið var margfalt flóknara og umfangsmeira en nokkur hafði talið það vera. Hugmyndafræðin um að bæta upp forsendubrest sem orðið hafði 6 árum áður var í sjálfu sér einföld, en aðstæður höfðu gjörbreytt frá þess-

um tíma. Lán höfðu farið á milli fjármálastofnana og fengið ný númer, mikill fjöldi fólks hafði breytt um hjúskaparstöðu og fjölmargir aðilar bjuggu að öðru leyti ekki við sömu aðstæður og á forsendutíma. Ný hugtök eins og forsenduheimili og ráðstöfunarheimili urðu til við framkvæmd laganna og fór mikil vinna í skilgreiningu þeirra. Síðast en ekki síst kom í ljós að mjög var breytilegt hvort lán höfðu á forsendutíma verið réttléga færð inn á skattframtal í kafla 5.2 og 5.5. Strax varð ljóst að gera þurfti sk. heimilaskrá, þ.e. skrá yfir íbúa í húsnæði því sem á hvíldu lán er njóta skyldu leiðréttingarinnar. Leitað var til skráarhaldara fasteignaskrár og þjóðskrár og óskað eftir að slík heimilaskrá yrði gerð en sá aðili taldi að verkefnið tæki tvö ár og því varð að leita annarra úrræða við að koma skránni upp.

Að öllu framangreindu virtu var ljóst að leiðréttingin yrði ekki veruleika nema lykilstarfsmenn ríkisskattstjóra og þeirra hugbúnaðarhúsa sem fyrir embættið störfuðu kæmu að verkefninu. Þeim starfsmönnum sem ráðnir voru nýir inn var fyrst og fremst ætlað að þjónusta umsækjendur um leiðréttingu en skipulagning, leiðbeiningagerð, hönnun, stjórnun og umsjón lagalegra mála var öll í höndum reyndustu starfsmanna ríkisskattstjóra. Allstór hópur umsækjenda þurfti samhliða umsókn sinni að sækja um breytingar á framtölum. Lán sem sannarlega voru ætluð til húsnæðisöflunar höfðu í þeim tilfellum ranglega verið færð í kafla 5.5 á framtali, en umsækjendur ekki sérstaklega hirt um gera breytingar þar sem þeir höfðu á þeim tíma engan ávinning af slíku og skattalega skipti engu hvort fjárhæð væri í kafla 5.2 eða 5.5. Leiðréttingin breytti þessu þar sem skyndilega var réttur bundinn við það í hvorn kaflann fjárhæðin var skráð og því varð að leita eftir breytingum á framtali. Til að bregðast við þessu voru þeir starfsmenn ríkisskattstjóra sem venjulega sinna slíkum breytingum á framtölum fengnir til úrvinnslu þessara erinda og þannig þátttöku í framkvæmd leiðréttingar. Slíkt var augljóslega bagalegt vegna þeirra áhrifa sem þessar tilfærslur höfðu á reglubundin verkefni embættisins en kosturinn var að þessir starfsmenn kynntust betur þeirri rafrænu stjórnsýslu sem þarna var unnið með og forsendum hennar. Gaf þessi reynsla augljós fyrirheit um aukna möguleika á sviði rafrænnar stjórnsýslu í öðrum verkefnum ríkisskattstjóra.

#### IV.

Umgjörðin um rafræna stjórnsýsluframkvæmd tengda leiðréttingunni var sérstakt vefsvæði, leiddretting.is, sem sérstaklega var smíðað fyrir verkefnið. Hófst ferlið eins og það horfði við almenningi með hveli við opnun vefsvæðisins, en mikill fjöldi skráði sig þar inn fyrsta sólarhringinn. Fjöldi umsókna barst þá þegar en síðan áfram jafnt og þétt þann tíma sem heimilt var að sækja um, þ.e. til og með 1. september 2014. Alls bárust 69.000 umsóknir frá samtals 105.000 einstaklingum. Umsóknarferlið var haft eins einfalt og mögulegt var og gekk sá þáttur framkvæmdarinnar mun betur en nokkur reiknaði með. Greinileg eftirvænting var meðal fólks eftir því að geta sent inn umsókn og tóku menn við sér strax og opnað var. Álagstopparnir voru miklir í upphafi þegar flestar umsóknir bár-

ust, og svo aftur í lok umsóknartímans þegar síðbúnir umsækjendur tóku við sér en drjúgur hópur skilaði umsókn sinni alveg á síðustu stundu.

Meðal verkefna ríkisskattstjóra var að yfirfara umsóknir og afgreiða. Var þar byggt á hinu upplýsta samþykki og gögn til grundvallar útreikningi sótt rafrænt til fjármálastofnana. Yfirferð umsókna leiddi í ljós að unnt var að birta niðurstöður um 60.000 umsókna í einu lagi, en um 9.000 tilvik voru þess eðlis að kanna þurfti umsóknir frekar, s.s. vegna þess að gögn vantaði, lánaupplýsingar stemmdu ekki, hjúskaparbreytingar höfðu orðið eða aðrar ástæður ollu því að ekki var unnt að birta niðurstöður að svo komnu máli. Kunngjört var að birting niðurstaðna umsókna hæfist 11. nóvember 2014, og meira en 101.000 heimsóknir bárust inn á vefsvæði leiðréttingarinnar þann sólarhring sem er algjört met í fjölda heimsókna inn á einstakt vefsvæði hjá ríkisskattstjóra. Inni á heimasvæði hvers umsækjanda um leiðréttingu voru niðurstöður kynntar viðkomandi og gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum eða hefja kærufæri. Lokaskrefið hófst svo 23. desember sl. með því að umsækjendur gátu inni á vefsvæðinu samþykkt ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar og þar með lokið ferlinu. Þúsundir nýttu sér Þorláksmessu og aðfangadag til þess að samþykkja með rafrænni undirritun útreikning sinn og ráðstöfun fjármuna inn á viðeigandi lán. Rafræn stjórnsýsla kemur þannig fram í þessu verkefni með einn af sínum meginkostum, að geta rekið erindi sín, óháð venjubundnum opnunartíma stofnana.

## V.

Rafræn stjórnsýsla hófst hjá ríkisskattstjóraembættinu á árunum 1998 - 1999 með því að framteljendum gafst kostur á að skila skattframtölum sínum rafrænt í stað þess að senda þau á pappír. Áður hafði þó um margra ára skeið verið haldið rafrænt utan um fjölmarga þætti í störfum embættisins. Með upptöku á rafrænum skattskilum var framteljendum gert kleift að uppfylla lögboðnar skyldur sínar með rafrænum hætti. Ríkisskattstjóri tilkynnti að sama skapi rafrænt niðurstöðu álagningarinnar. Rafræn framtalsskil hafa farið mjög vaxandi á undanförunum árum og sömuleiðis hefur úrvinnsla ríkisskattstjóra færst meira yfir í rafrænan farveg. Pappírsframtöl eru nú inn við hálft prósent af framtalsskilum einstaklinga. Sú staðreynd, og einnig reynslan sem fengist hefur af því verkefni sem fyrr er lýst í greinarkorni þessu, af leiðréttingu verðtryggðra húsnæðislána, gefur tilefni til að velja fyrir sér hvort ástæða sé til að stíga stærri skref í átt til rafrænnar stjórnsýslu en þegar hafa verið stigin.

Engum blöðum er um það að fletta að hagkvæmni rafrænnar stjórnsýslu er miklum mun meiri umfram hefðbundna sýslan með pappír og gögn. Þægindi almennra borgara af rafrænni stjórnsýslu í skattamálum eru ótvíræð, en það hagræði er þó sennilega mest fyrir endurskoðendur og bókara. Kostir þess að geta átt samskipti við stjórnvöld og sent þeim erindi rafrænt, og að ekki sé talað um að taka einnig við niðurstöðum stjórnsýslumála á rafrænu formi, eru augljósir.

Öryggi í rafrænum samskiptum og áreiðanleiki þeirra hefur um margra ára skeið verið helsti veikleiki rafrænnar stjórnsýslu. Stjórnvöld þurfa hverju sinni að vita hver er á hinum enda samskiptanna og notkun veflykla þykir ekki nægjanlega örugg. Veflykill RSK, sem hefur verið helsta auðkenningarverkfæri embættisins, var á sínum tíma talin viðunandi lausn, en á þeim rösku 16 árum sem liðin eru frá því að veflykillinn var tekinn í notkun hefur hann veikst af ýmsum ástæðum. Má þar helst nefna að hann var um árabíl nýttur af öðrum stofnunum til annarra nota en hann var upphaflega ætlaður til, og jafnvel eru dæmi um að lykillinn hafi verið lánaður milli fólks til að panta sumardvalarstaði o.þ.h. Þá þekkist að framteljendur sem sækja um fyrirgreiðslu þar sem leggja þarf fram afrit af skattframtali megi sæta því að hlutaðeigandi aðilar, starfsmenn sveitarfélaga, fjármálafyrirtækja og annarra, leggi fyrir umsækjendurna að afhenda veflykla RSK svo veitendur fyrirgreiðslu fái sjálfir aflað framtalsgagnanna. Hefur þetta allt gert það að verkum að auðkenning með veflykli RSK er ekki lengur eins áreiðanleg og hún þarf að vera, og eindregið er stefnt að því hjá embættinu að hætta notkun veflykla. Er þetta raunar eina ástæða þess að ríkisskattstjóri hefur talið nauðsynlegt að fara hægar í útbreiðslu rafrænnar stjórnsýslu embættisins en æskilegt hefði verið út frá almennum sjónarmiðum um aukið hagræði. Á síðustu misserum hefur á hinn bóginn komið fram mjög ásættanleg lausn með tilliti til öryggis og þæginda, sem eru rafræn skilríki. Útbreiðsla þeirra hefur verið mjög að aukast, sérstaklega rafrænna skilríkja á farsímum, og mun augljóslega verða til þess að stjórnsýsla verði rafræn í enn fleiri tilvikum. Rafræn skilríki á farsímum er þannig skýr framtíðarlausn, hentug, þægileg og öruggasta auðkenningin sem völ er á.

Ríkisskattstjóri hefur um nokkurt skeið undirbúið ný skref í rafrænni stjórnsýslu sem koma munu til framkvæmda á næstu árum. Þar má nefna sérstaka samskiptagátt fyrir hvern framteljanda þar sem unnt verður að eiga öll stjórnsýsluleg samskipti við embættið á einum stað. Má þar nefna tilkynningar um álagningu, fyrirspurnir um einstök atriði, afgreiðslu á kærum og erindum, tilkynningar um inneignir eða endurgreiðslur, auk ýmissa annarra atriða svo sem ábendingar um nýtingu persónuafsláttar, vöntun á gögnum o.fl. Þá hefur verið í undirbúningi að koma á heimildakerfi þar sem skýrar komi fram hverjir hafi samþykki framteljanda til að senda inn gögn, skoða þau eða reka mál fyrir hans hönd. Loks má geta þess að nú er kominn á framleiðslustig nýtt tölvukerfi fyrir rafræna fyrirtækjaskrá þar sem unnt verður að stofna lögaðila rafrænt með mun einfaldari hætti en hingað til hefur verið.

## VI.

Reynslan af rekstri leiðréttingarinnar og rafrænnar stjórnsýslu henni tengdri gefur fyrirheit um að stigin hafi verið skref til hvatningar þess að auka rafræna stjórnsýslu enn frekar. Nýir þættir í stjórnsýslu ríkisskattstjóra eru nú í undirbúningi þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir að notast verði við rafrænar lausnir.



Útbreiðsla rafrænna skilríkja síðustu mánuði er einnig mikið fagnaðarefni en með þeim verkfærum verður ekki aðeins til mun öruggari auðkenning, heldur einnig tækifæri til að undirrita skjöl rafrænt. Allir sem hafa tekið rafræn skilríki í farsímum í notkun finna hversu þægileg og auðveld sú leið er til auðkenn- ingar inn á örugg vefsvæði. Því eru líkur á að krafa almenning- um aukna rafræna þjónustu muni aukast. Sömuleiðis stefnir ríkisskattstjóri á að byggja auðkenningu alfarið á rafrænum skil- ríkjum og hætta notkun veflykla.

Því má með sanni segja að rafræn stjórnsýsla sé á tímamótum hérlandis og framundan séu ný tækifæri til að þróa rafrænar lausnir og gera þar með stjórnsýslu landsins skilvirkari, örugg- ari og þægilegri fyrir almenning, fyrirtæki og stjórnvöld sjálf.

Skúli Eggert Þórðarson  
ríkisskattstjóri

## Til hamingju með afmælið - árið 2015

|                                 |          |    |                              |          |    |
|---------------------------------|----------|----|------------------------------|----------|----|
| Bragi Guðjónsson                | 31.03.75 | 40 | Sigurþór Charles Guðmundsson | 22.11.55 | 60 |
| Hjalti Ragnar Eiríksson         | 26.08.75 | 40 | Tryggvi Jónsson              | 14.07.55 | 60 |
| Jóhann Ioan Constantin Solomon  | 17.12.75 | 40 | Árni Sigurður Snæbjörnsson   | 12.07.55 | 60 |
| Jóhann Óskar Haraldsson         | 21.11.75 | 40 | Árni Tómasson                | 25.10.55 | 60 |
| Kristín Halldóra Halldórsdóttir | 29.03.75 | 40 | Emil Th. Guðjónsson          | 07.01.45 | 70 |
| Matthías Þór Óskarsson          | 07.05.75 | 40 | Eyjólfur Brynjólfsson        | 18.12.45 | 70 |
| Sigríður Sophusdóttir           | 07.11.75 | 40 | Garðar Valdimarsson          | 19.08.45 | 70 |
| Aðalsteinn Þór Sigurðsson       | 03.08.75 | 40 | Guðmundur M. Magnason        | 13.12.45 | 70 |
| Berglind Ósk Gunnarsdóttir      | 19.04.75 | 40 | Reynir Kristjánsson Astrup   | 24.09.45 | 70 |
| Bryndís Björk Guðjónsdóttir     | 28.12.65 | 50 | Símon Kjærnested             | 18.02.45 | 70 |
| Knútur Þórhallsson              | 23.04.65 | 50 | Sævar Þór Sigurgeirsson      | 24.04.45 | 70 |
| Kristján Ásgeirsson             | 27.03.65 | 50 | Þorvaldur Þorvaldsson        | 12.06.45 | 70 |
| Páll Grétar Steingrímsson       | 25.01.65 | 50 | Þórdís K. Guðmundsdóttir     | 13.02.45 | 70 |
| Ragnar Þórir Guðgeirsson        | 28.07.65 | 50 | Bjarni Jónsson               | 25.02.45 | 70 |
| Ágústa Katrín Guðmundsdóttir    | 19.09.65 | 50 | Sigurður Tómasson            | 29.10.35 | 80 |
| Eyvindur Albertsson             | 07.10.55 | 60 | Sveinn Jónsson               | 18.12.35 | 80 |
| Gísli H. Guðmundsson            | 06.08.55 | 60 | Þorkell Skúlason             | 20.06.25 | 90 |
| Heimir Haraldsson               | 22.04.55 | 60 |                              |          |    |



## Endurskoðun í Danmörku

*Stefnan tekin á löggildingu í Danmörku*

*Bryndís Símónardóttir endurskoðandi hjá Deloitte*

Í september 2009 var leiðinni haldið til Danmerkur þar sem ég hóf störf hjá KPMG í Kaupmannahöfn en áður hafði ég starfað hjá KPMG á Íslandi frá árinu 2006. Ég hafði alltaf haft áhuga á að prófa að búa erlendis og fannst mér kjörið að sækja um hjá KPMG þar sem ég þekkti endurskoðunarkerfin og þær aðferðir sem notaðar eru í KPMG, því það var nokkuð ljóst að tungumálaörðugleikar yrðu þó nokkrir til að byrja með. Mikil áhersla var lögð á að ég næði tökum á dönskunni sem fyrst, því danskir viðskiptavinir voru ekki allir hrifnir af því að tala ensku. Það sýndi sig einnig að það hjálpaði mikið að geta átt samskipti á dönsku, bæði í starfi og félagslífi.

Ákvörðun um sameiningu KPMG og EY í Danmörku var tekin í lok árs 2013 og samruni átti sér stað þann 1. júlí 2014, þar sem félögin tvö urðu aðilar að EY og nýtt KPMG var stofnað. Töluverð hreyfing hefur verið á starfsmönnum allra stærri alþjóðlegu endurskoðunarstofanna síðan ákvörðun um samruna þessara félaga var tekin. Sjálf tók ég ákvörðun um að hefja störf hjá Deloitte í Kaupmannahöfn þann 1. nóvember 2014. Deloitte er stærsta endurskoðunarstofan í Danmörku, þar starfa um 2.300 starfsmenn og Deloitte eru einnig þekktir fyrir að bjóða upp á mikla breidd í ráðgjöf og annarri þjónustu fyrir utan hefðbundna endurskoðun.

Í dag er mikil samkeppni á markaðnum varðandi endurskoðunarþjónustu sem hefur leitt til mikillar pressu á endurskoðunarþóknunir og aukningu í útboðum síðastliðin ár. Þetta hefur leitt til aukinnar áherslu á að veita annars konar þjónustu en hefðbundinnar endurskoðunarþjónustu. Ég upplifi að í Danmörku er það mjög skipulagt hvernig endurskoðunarstofurnar nálgast mögulega kúnna þar sem unnið er að því að ná góðum tengslum við lykilstjórnendur og stjórnarmeðlimi í þó nokkurn tíma og mikill undirbúningur þegar vitað er til þess að útboð sé í vændum.

Þegar vinnuaðferðir og -menning er borin saman milli þeirra stofa sem ég hef starfað hjá í Danmörku er ekki stórvægilegur munur. Alltaf eru einhver munur á áherslum félaganna en það sem þau eiga sameiginlegt er að mikil áhersla er lögð á aukna skilvirkni í endurskoðunarverkefnum, og á sama tíma aukin áhersla á þá reikningsliði og aðra þætti sem innihalda meiri áhættu á skekkjum, þ.e.a.s. spara vinnu á þeim stöðum þar sem við metum áhættu á skekkjum litla. Á báðum stöðum er endurskoðunarsviðinu skipt í deildir eftir stærð og starfsgrein fyrirtækja, þar sem stærri fyrirtækjum er skipt upp eftir starfsgreinum. Ég var til að mynda í deild sem þjónustaði að mestu



*Bryndís í erli dagsins.*

leyti fjármálafyrirtæki og nú starfa ég í deild sem þjónustar fjármálafyrirtæki ásamt stærri fyrirtækjum og samstæðum. Þess má geta að krafist er sérstakra réttinda í Danmörku til þess að undirrita ársreikninga fyrir fjármálafyrirtæki, þar sem þeir endurskoðendur verða að hafa unnið við slík verkefni í tiltekinn vinnustundafjölda og sinna árlegri endurmenntun á þessu sviði. Þetta var innleitt eftir að fjöldi banka varð gjaldþrota og gagnrýni beindist meðal annars að endurskoðendum banka, sem í einhverjum tilfellum höfðu ekki viðtæka reynslu innan fjármálageirans.



Samanborið við starfsemina á Íslandi eru Danir almennt yngri þegar þeir hefja störf á endurskoðunarstofum. Nokkuð algengt er að þeir hefji störf eftir útskrift úr framhaldsskólum og hefja á sama tíma háskólanám sem þeir sinna með vinnu. Í háskólanáminu (sambærilegt BSc. á Íslandi) er einnig einblínt töluvert meira á reikningsskil, félaga- og skattarétt en við erum vön á Íslandi. Mín reynsla af því að starfsmenn hefja störf ungir að árum er jákvæð og er bæði vinnuveitendum og starfsmönnum í hag.

### Löggildingarpróf í Danmörku

Allir sem þreyta löggildingarprófin í Danmörku fara í gegnum tveggja ára námsferli á vegum FSR (FLE í Danmörku) og skilyrði fyrir inngöngu er að þátttakendur hafi lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum. Námið hjá FSR inniheldur 5 námskeið, ein vika í senn, þar sem farið er yfir ýmis efni varðandi endurskoðun, reikningsskil, félaga- og skattarétt o.s.frv. með mikilli verkefnavinnu og mikil áhersla er lögð á tækni við lausn verkefna og þátttöku nemenda í kennslu. Kennsla er yfirleitt um það bil 10 tímar á dag og því ekki gert mikið annað en að sinna náminu á þessum tíma. Þar að auki eru skilaverkefni bæði fyrir og eftir öll námskeið og æfingapróf tvisvar á ári. Þá eru flestar stærri endurskoðunarstofurnar einnig með eigin verkefnaskil u.þ.b. 6-8 verkefni á ári og mikil áhersla er lögð á að leysa verkefni innan tímaramma því naumur tími er í skriflegu prófunum. Það fer því mikill tími í undirbúning löggildingar því ofan á þetta kemur hinn hefðbundni undirbúningur fyrir löggildingarprófin eins og við þekkjum á Íslandi þar sem við erum frá störfum einhverjum vikum fyrir próf.

Fyrirkomulagi löggildingarprófa í Danmörku hefur nýlega verið breytt og var því í fyrsta sinn á síðasta ári skipt í þrjú skrifleg próf og eitt munnlegt próf en áður var því skipt í eitt skriflegt

próf og eitt munnlegt próf. Skriflegu prófunum er nú skipt í síðferði og óhæði (2 tímar), endurskoðunaraðferðir, endurskoðunaráritanir og aðrar áritanir á ársreikninga (6 tímar) og allar aðrar áritanir, skatta, viðskipta- og félagaréttur (4 tímar). Þessum þremur prófum verða þátttakendur að ljúka í þremur tilraunum á fjögurra ára tímabili áður en þeir fá tækifæri til þess að þreyta munnlega prófið og er algengt að nemendur þreyti fyrstu tvö prófin eftir eitt ár í undirbúningsnámi og þriðja prófi eftir tveggja ára nám. Þegar þátttakendur hafa náð öllum þremur skriflegu prófunum fá þeir tækifæri til þess að þreyta munnlega prófið. Þar fá þeir einnig einungis þrjú tækifæri. Í munnlega prófinu fær próftaki afhent verkefni og hefur 40 mínútur til undirbúnings. Prófið fer fram í sal með 5 prófdómurum og áhorfendum þar sem próftaki kynnir verkefni og lausn sína í 30 mínútur með tilheyrandi spurningum frá aðalprófdómara. Í þessum aðstæðum reynir ekki einungis á faglega þekkingu heldur einnig á þroska próftakenda til að taka ákvarðanir undir pressu og standa við þær. Það reynir vægast sagt á taugarnar og er mikil upplifun að sjá þessi próf fara fram.

Ég stefni sjálf á að verða löggiltur endurskoðandi í Danmörku og fylgi nú þessu tveggja ára námi á vegum FSR. Ég hef fengið staðfestingu frá viðskiptaráðuneytinu í Danmörku að ég þarf einungis að þreyta munnlegt próf með áherslu á danska löggjöf og sérreglur þar sem ég fékk löggildingu á Íslandi á árinu 2010. Ég ákvað sjálf að fara líka í gegnum námið hjá FSR og tel það nauðsynlegt til að læra t.a.m. nánar um danskan félaga- og skattarétt. Ég hef þó ekki sömu skyldur varðandi verkefnaskil, þar sem ég mun ekki taka þátt í skriflegu prófunum. Ef allt gengur eftir og tími gefst til undirbúnings, stefni ég á að þreyta munnlega prófið í lok þessa árs.

*Bryndís Símonardóttir*



*Tekið á námskeiði um markþjálfun.*





## Nær öll fyrirtæki á Íslandi eru lögum samkvæmt undanþegin endurskoðun

Ómar Gunnar Ómarsson, löggiltur endurskoðandi KPMG AB Svíþjóð

Eftir bankahrunið á Íslandi fór mikil umræða af stað í samfélaginu um hlutverk og ábyrgð endurskoðenda. Ekki er það óalgengt að slík umræða skjóti upp kollinum í kjölfar stórra fjármálahneyksla þegar þau hafa komið upp í gegnum árin víðsvegar um heiminn. Ég ætla þó ekki að fara yfir það í þessari grein hvort íslenskir endurskoðendur hafi staðið sig í undanfara hrunsins. Heldur mun ég skoða þær reglur og viðmið sem gilda um lögboðna endurskoðun á Íslandi og bera saman við það sem viðgengst í nágrannaríkjum okkar, í þeim tilgangi að kanna hvort við höfum dregið einhvern lærdóm af reynslu okkar við hrunið.

### Þörfin fyrir endurskoðun og markmið

Ársreikningar frá félögum eru lagðir fram til að draga úr ósamhverfni upplýsinga og um leið að draga úr kostnaði við öflun þessara fjárhagsupplýsinga, notendum þeirra til hagsbóta. Því má segja að ársreikningar séu ákveðið samskiptaform viðskiptalífsins, þar sem stjórnir félaga kynna rekstur og fjárhagslega stöðu þeirra með framsetningu ársreiknings. Notendur reiða sig síðan á þessar fjárhagsupplýsingar, hvort sem um er að ræða hið opinbera, lánastofnanir, lánadrottna, fjárfesta eða starfsmenn félagana. Upplýsingarnar sem koma fram í ársreikningnum eru þó lítils virði ef þær eru ekki settar fram með réttum hætti, þ.e í samræmi við settar reikningsskilareglur eða án verulegra villna eða skekkju og því mikilvægt að eftirlit sé með því að svo sé gert. Í krafti ósamhverfra upplýsinga, þar sem framkvæmdastjóri og stjórnendur hafa almennt betri aðgang að fjárhagsupplýsingum er mögulegt að þeir geti haft áhrif á mikilvægar upplýsingar í ársreikningi í þeim tilgangi að hámarka eigin hagsmuni og oft á kostnað notenda. Talið er að hrun hlutabréfamarkaða á Wall Street í kreppunni miklu í Bandaríkjunum hafi orðið vegna þess hve óáreiðanlegar fjárhagsupplýsingar komu frá félögum, en þá var ekki gerð sú krafa að óháður aðili (endurskoðandi) staðfesti áreiðanleika þeirra. Með lögleiðingu nýrra hlutabréfalaga í Bandaríkjunum árið 1933 var í fyrsta sinn gerð sú krafa að óháðir aðilar, endurskoðendur ættu að gefa álit á ársreikningum félaga með það að markmiði að auka áreiðanleika þeirra. Allt frá þeim tíma hafa komið fram kenningar til að skilgreina þörfina fyrir endur-

skoðun. Umboðskenningin hefur verið hvað algengust við að skilgreina þörfina fyrir endurskoðun og gengur hún út frá því að vegna fyrrgreindra hagsmunaárekstra, sé þörf fyrir endurskoðun. Markmið endurskoðunar séu svo í fyrsta lagi að hafa eftirlit með því að ársreikningar séu settir fram í samræmi við settar reikningsskilareglur og í öðru lagi að draga úr mögulegum hagsmunaárekstrum sem geta skapast milli fyrirtækja og notenda ársreikninga.

### Lögboðin endurskoðun og undanþágúákvæði

Í 1.tl. 51. greinar, fjórðu tilskipunar ESB (Evrópusambandsins) er gengið út frá því að endurskoðun sé lögbundin fyrir öll félög sambandsins.<sup>1</sup> Árið 2005<sup>2</sup> innleiddi ESB alþjóðlega endurskoðunarstaðla, til að samræma aðferðafræði endurskoðunar meðal aðildarríkjana og svar við þeim stóru fjármálahneykslum sem riðu yfir í Evrópu (Parmalat, Ahold) í kringum aldamótin. Því ber endurskoðendum aðildarríkja ESB sem og aðildarríkjum Evrópska efnahagssambandsins (EES) skylda að endurskoða eftir viðurkenndum aðferðum alþjóðlegra endurskoðunarstaðla<sup>3</sup> (International Standards on Audit) útgefnum af alþjóðasamtökum endurskoðenda (International Federation of Accountants). Í alþjóðlegu stöðlunum er lögð megináhersla á hæfni og óháði endurskoðenda sem grundvallar forsenda fyrir góðri endurskoðun. Endurskoðanda ber samkvæmt þeim að tryggja áður en hann tekur að sér endurskoðun að hann ásamt endurskoðunarteymi sínu, búi bæði yfir nægjanlegri hæfni og sé óháður féluginu, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðun samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum felur auk þess í sér kröfu um öflun nægilegra og viðeigandi gagna til að gera endurskoðanda kleift að gefa álit á því hvort ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri og fjárhagsstöðu félags í samræmi við gildandi reikningsskilastaðla. Þrátt fyrir að almennt sé gengið út frá því að endurskoðun sé lögbundin fyrir öll félög, gefur ákvæði 2.tl. 51. greinar 4. tilskipunar ESB minni félögum möguleika að vera undanþegin lögboðinni endurskoðun.<sup>4</sup> Við mat á minni félögum gengur ESB út frá þremur viðmiðum, heildartekjum, heildareignum og fjölda starfsmanna. Undir hverju viðmiði eru sett viðmiðunargildi og ef félag er undir tveimur af þremur viðmiðunargildum síðastliðin tvö reikningsár er það undanþegið

1. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:31978L0660&from=EN>

2. Þann 18. Júní 2003 innleiddi ESB alþjóðlega endurskoðunarstaðla í 8. félagatilskipun sinni, en staðlarnir tóku gildi frá og með árinu 2005 fyrir skráð félög.

3. <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CONSLEG:2006L0043:20080321:EN:PDF>

4. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:31978L0660&from=EN>



lögbundinni endurskoðun. Það er þó undir aðildarríkjunum sjálfum komið að ákveða hvort þau innleiði slíkt undanþáguákvæði í sín lög og ef svo, hvaða viðmiðunargildi þau nota. En þar sem innleiðing undanþáguákvæðis getur haft mikil áhrif á áreiðanleika ársreikninga er mikilvægt að hvert aðildarríki hafi það í huga við innleiðingu undanþágu frá lögum. Viðmiðunargildi ESB hafa hækkað reglulega frá árinu 1978, en síðasta hækkun viðmiðunargildanna kom árið 2006. En eftir innleiðingu Alþjóðlegra endurskoðunarstaðla myndaðist aukin þrýstingur frá minni félögum um að draga úr auknum kröfum sem fylgdu stöðlunum. Minni félög töldu staðlana sniðna að þeim stóru og þær auknu kröfur sem fylgdu innleiðingu þeirra leiddu til mikils kostnaðar fyrir þau. ESB lét undan þessum þrýstingi og hækkaði viðmiðunargildin, en markmið ESB með þeirri hækkun viðmiðunargilda fyrir undanþágu var að draga úr endurskoðunarkostnaði innan aðildarríkjanna um 25% á næstu þremur árum frá hækkun ákvæðisins með áherslu á minni fyrirtæki.

### Framkvæmd laga um lögbundna endurskoðun

Ef skoðað er hvernig aðildarríki ESB brugðust við hækkun undanþáguákvæðisins frá árinu 2006, kemur í ljós að flest innleiddu ákvæðið, en aðeins eitt aðildarríki (Bretland) innleiddi viðmiðunargildi ESB um undanþágu frá endurskoðunarskyldu óbreytt. Nokkur þeirra (t.d Þýskaland og Holland) settu aðeins lægri viðmiðunargildi, en langflest aðildarríkin voru langt undir þessum viðmiðunargildum ESB. Ef horft er til Norðurlandanna, sem við berum okkur gjarnan saman við sést að þau skera sig nokkuð úr þegar kemur að undanþáguákvæðinu, en rík hefð er fyrir endurskoðun í þessum löndum. Svíar innleiddu undanþáguákvæðið í sín lög árið 2011 og Norðmenn ári seinna. Frá árinu 2006 hafa bæði Danir og Íslendingar hækkað viðmiðunargildi sín. Í töflunni hér að neðan má sjá viðmiðunargildi ESB og Norður-

landana eins og þau voru árið 2006 og stöðuna eins og hún var í árslok 2013 (Tafla 1.)

Það er ekki viðfangsefni þessarar greinar að skýra hvernig hinar Norðurlandapjóðirnar settu sér viðmiðunargildi, en ætla má að þau hafi haft að leiðarljósi markmið ESB að draga úr endurskoðunarkostnaði með áherslu á minni félög án þess að undanþáguákvæðið næði til meirihluta fyrirtækja, með áreiðanleika ársreikninga í huga. Ef horft er til viðmiðunargilda Norðurlandanna er ljóst að Ísland sker sig úr hópi þeirra, ekki eingöngu varðandi fjárhagsleg viðmið heldur einnig þegar horft er til fjölda starfsmanna. Ef borin eru saman viðmiðunargildi fyrir árin 2006 og 2013 sést að fjárhagsleg viðmiðunargildi hafa hækkað á Íslandi milli áranna, þannig að ætla mátti að fleiri fyrirtæki séu undanþegin lögboðinni endurskoðun á Íslandi árið 2013 en var í aðdraganda hrunsins 2006.

### Samanburður á lögbundinni endurskoðun á Íslandi og Svísíjóð

Á Íslandi er krafa um lögboðna endurskoðun sett fram í 96. grein laga um ársreikninga nr. 3/2006. Í 98. grein sömu laga er þeim félögum sem eru undir tveimur af þremur viðmiðunargildunum tvö næstliðin reikningsár veitt undanþága frá lögboðinni endurskoðun. Litið er til sömu viðmiða til að meta heimild til undanþágu og gert er hjá ESB, þ.e heildartekjur, heildareignir og starfsmannafjöldi. Þess má þó geta að félögum sem falla undir undanþáguákvæðið ber að kjósa sér skoðunarmann, en hlutverk skoðunarmanna er þó að mörgu leiti óljóst. Í lögum um ársreikninga eru sett fram mjög opin hæfnisskilyrði<sup>5</sup> og sú aðferðafræði<sup>6</sup> sem skoðunarmenn eiga að beita til að tryggja áreiðanleika ársreikninga er mjög óljós.

**Tafla 1 Viðmiðunargildi ESB og Norðurlandanna um undanþágu frá endurskoðunarskyldu árin 2006 og 2013**

| Land            | Heildartekjur<br>MEUR |      | Heildareignir<br>MEUR |      | Starfsmenn<br>fjöldi |      |
|-----------------|-----------------------|------|-----------------------|------|----------------------|------|
|                 | 2006                  | 2013 | 2006                  | 2013 | 2006                 | 2013 |
| Evrópusambandið | 8,80                  | 8,80 | 4,40                  | 4,40 | 50                   | 50   |
| Svísíjóð        | *                     | 0,32 | *                     | 0,16 | *                    | 3    |
| Noregur         | *                     | 2,70 | *                     | 0,75 | *                    | 10   |
| Danmörk         | 0,40                  | 1,10 | 0,20                  | 0,54 | 12                   | 12   |
| Ísland          | 2,40                  | 2,70 | 1,20                  | 1,40 | 50                   | 50   |

\*Engin undanþága frá lögboðinni endurskoðun. MEUR milljón Evrur.

5. 2.tl.97. greinar

6. 2.tl. 102. greinar

Ef litið er til Svíþjóðar og borin saman sambærileg ákvæði um endurskoðun þar og á Íslandi, þá var lögboðin endurskoðunarskylda á öllum félögum í Svíþjóð fram til ársins 2011, þegar núverandi undanþáguákvæði var innleitt eftir talsverða umræðu. Svíar nota sömu viðmið og ESB, en viðmiðunargildin sem voru sett í lögin leiddu til þess að um 35% sænskra félaga féllu undir undanþáguákvæðið. Þar með töldu Svíar sig uppfylla markmið ESB um lækun endurskoðunarkostnaðar með því að undanskilja fyrst og fremst minni félög frá lögboðinni endurskoðun. Reynsla Svía hefur sýnt að þrátt fyrir að félög falli undir undanþáguákvæðið hefur töluverður hluti þeirra valið að kjósa áfram endurskoðanda, en ástæða þess er talin vera sú ríka krafa lánastofnana að krefjast áritunar endurskoðanda við útlán og er þá ekki spurt að stærð fyrirtækja.

Erfitt er að færa rök fyrir þeim viðmiðunargildum fyrir undanþágu endurskoðunar sem sett voru á Íslandi árið 2006 og þeim breytingum sem gerðar voru árið 2013. Ekki er að finna rök fyrir setningu þessara undanþáguákvæða í lögum eða lögskýringargögnum. Athyglivert er að skoða áhrif undanþáguákvæðis um lögboðna endurskoðun í íslensku samfélagi. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra fyrir árið 2006 voru það 27.177 félög af 27.790 íslenskum félögum sem féllu undir undanþáguákvæðið.<sup>7</sup> Þetta þýðir að tæplega 98% íslenskra félaga voru undanþegin lögboðinni endurskoðun árið 2006 og gátu starfað án alls eftirlits þ.e að óháður, til þess hæfur utanaðkomandi aðili hefði eftirlit með áreiðanleika ársreikninga. Ég leyfi mér að skrifa án alls eftirlits, ef litið er til að bæði hæfniskröfur og hlutverk skoðunarmanna er mjög óljóst í lögum og því alls óvíst að skoðun þeirra auki áreiðanleika ársreikninga. Hafa ber í huga að á sama tíma gerðu íslenskir bankar takmarkaðar kröfur um áritaða ársreikninga, því er best verður séð.

Eftir hrunið var lögð áhersla að nýta bæri þann lærdóm sem af því hlaut, með því að breyta viðskiptaháttum og auka eftirlit. En áhugavert er að skoða til hvaða aðgerða var gripið til að mæta þessari réttmætu kröfu um aukið eftirlit. Þvert á það sem ætla mætti var árið 2013 enn slakað á kröfum um lögboðna endurskoðun með því að breyta viðmiðunargildum til undanþágu, þannig að enn fleiri félög urðu undanþegin lögboðinni endurskoðun. Það hrópandi misræmi sem hafði verið á lögbundnu eftirliti fyrirtækja á Íslandi miðað við hin Norðurlöndin var enn aukið, viðmiðunargildi sem gerðu það að verkum að rúmlega 98% félaga á Íslandi árið 2013 voru undanþegin endurskoðun.

Það sem er þó einkar áhugavert er ályktun hóps sem var skipaður af stjórn félags löggiltra endurskoðenda sem komst að

þeirri niðurstöðu í lok árs 2013, eftir yfirlegu um endurskoðunarskyldu á Íslandi, að viðmiðunargildi undanþáguákvæðis væri of lágt og hækka þyrfti viðmiðunargildin enn frekar.<sup>8</sup> Óljóst er hvort hópnun hafi verið kunnugt um að samkvæmt tölum frá Ríkisskattstjóra var aðeins tæp 2% fyrirtækja sem uppfyllti kröfur um lögboðna endurskoðun á þessum tíma. Hugsanlegt er að alþingismenn setji slík mörk, vegna þrýstings frá hagsmunahópum, en erfitt er að sjá hvers vegna löggiltir endurskoðendur komist að þessari niðurstöðu. Skýra þarf hvað liggur þar að baki, hvort það er almenn vantrú á eigin störfum eða að félög á Íslandi þurfi ekkert eftirlit þar sem almennt séu hlutirnir í svo góðu lagi hjá íslenskum félögum. Heimsmet í kennitöluflakki og gjaldþrotum dregur þó hugmyndir um slíka sérstöðu í efa. Hvað varðar lánastofnanir á Íslandi er erfitt að sjá að breytingar hafi orðið á venjum við lánveitingar. Ætla má að andlit og persónuleg tengsl ráði enn miklu og skipti jafnvel meira máli, en vandadur og áritaður ársreikningur óháðs löggilts endurskoðenda. Telja verður það ábyrgðarleysi hjá íslenskum stjórnvöldum að afnema endurskoðunarskyldu, einkum þar sem ekki er ljóst hvort lánastofnanir setji áreiðanlegar upplýsingar um fjárhagsstöðu sem forsendu fyrir lánveitingu.

Nú er í smíðum frumvarp sem leggja á fyrir næsta þing, en markmið þess er að uppfylla kröfur ESB um skýrsluskil fyrirtækja og mér skilst að breytingar á undanþáguákvæði fyrir lögboðna endurskoðun falli einnig þar undir. Við gerð þessa frumvarps sem lítur að undanþáguákvæðinu vil ég hvetja til þess að horft verði til hinna Norðurlandanna um viðmiðunargildi sem þau hafa sett sér vegna undanþáguákvæða fyrir lögboðna endurskoðun. Einkum þarf að horfa til þess að þau viðmiðunargildi sem í gildi eru á Íslandi veita nær öllum félögum undanþágu frá endurskoðun. Mikilvægt er að auka kröfur um lögboðna endurskoðun á Íslandi og hafa hana jafnvel enn strangari en gerist í löndunum í kringum okkur a.m.k. tímabundið. Þetta ætti að gera í ljósi þess að ábyrg endurskoðunarhefð er mun veikari á Íslandi en í nágrannalöndunum, að kröfur um lánveitingu lánastofnana á Íslandi byggjast almennt ekki á áreiðanlegum upplýsingum um fjárhagsstöðu fyrirtækja og ekki síst reynslu okkar af hruninu. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni að þróunin sé sú undanfarin ár, að gerðar séu enn minnkandi kröfur til eftirlits og endurskoðunar fyrirtækja sem þó var nánast ekkert fyrir. Byggja þarf Ísland framtíðarinnar á heilbrigðari viðskiptaháttum, en einn liður í því er að tryggja með sem bestum hætti áreiðanleika ársreikninga. Í því verkefni hafa endurskoðendur mikilvægu hlutverki að gegna.

Ómar Gunnar Ómarsson

7. Þar sem Ríkisskattstjóri náði ekki að taka fram tölur um starfsmannafjölda getur hlutfallið verið aðeins lægra, en á þó ekki til að breyta myndinni mikið.

8. <http://www.fle.is/static/files/2014/ymslegt/fle-jan-2014-netid.pdf>



## Endurskoðunarnefndir

*Þórir Ólafsson, endurskoðandi og forstöðumaður hjá Fjársýslu ríkisins*

Tilgangur endurskoðunarnefnda er að annast samskipti við endurskoðendur í tengslum við endurskoðun ársreikninga og yfirfara ársreikninga ásamt því að fylgjast með vöktun innra eftirlits. Hugmyndin er að færa umfjöllun þessara mála í fastara form og opna farveg fyrir stjórn til að draga að þeirri umfjöllun sérfræðinga með fagþekkingu.

Nefndir þessar eru víðast og fræðilega hugsaðar sem undirnefndir stjórnna, fyrst og fremst til að skapa vettvang fyrir ítarlegri faglega umfjöllun um ákveðin mál sem eru á ábyrgð stjórnna án þess að allir stjórnarmenn þurfi að koma að þeirri umfjöllun, aukinheldur eru fræðimenn á sviði reikningshalds og endurskoðunar dregnir að verkinu.

Meðlimir nefndar skulu hafa þekkingu á þeirri grein sem félagið starfar í og skal meirihluti þeirra vera óháður félaginu. Hafa ber í huga við túlkun á hvað telst óháður að víða erlendis myndar framkvæmdastjórn félags hluta stjórnar þess eða jafnvel alla stjórnina og er í því tilviki talin háð. Formaður endurskoðunarnefndar skal vera óháður félaginu og er ýmist valinn af nefndarmönnum, stjórn félagsins eða jafnvel af aðalfundi. Hlutverk endurskoðunarnefndar getur verið sinnt af stjórn eða einhverri annarri einingu innan félags en áherslan er á að því hlutverki, sem endurskoðunarnefnd er ætlað, sé í einhverjum formlegum farvegi. Gegni stjórn þessu hlutverki er talið æskilegt að formaður stjórnar, sé hann óháður félaginu (t.d. í framkvæmdastjórn þess), gegni þá ekki formennsku á þeim vettvangi.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er meðal annars að:

- i. Upplýsa stjórn félagsins um niðurstöður endurskoðunar og skýra framlag endurskoðunarinnar til að auka trúverðugleika reikningsskilanna ásamt þætti nefndarinnar í því
- ii. Vaka yfir reikningsskilaferlinu, greina hvort og þá hvað þarf útbóta og tillögur að úrbótum sem tryggja að reikningsskilin séu rétt og þar með trúverðug
- iii. Hafa eftirlit með virkni innra eftirlits félags og ferla við áhættustjórnun og eftir atvikum innri endurskoðun, hvað varðar fjárhagslega þætti
- iv. Stýra samskiptum tengdum endurskoðun ársreiknings og viðbrögðum við niðurstöðu hennar
- v. Kanna og hafa eftirlit með óhæði hins óháða endurskoðanda ásamt eftirliti með þóknun fyrir aðra þjónustu sem hann veitir umfram endurskoðun

- vi. Taka ábyrgð á því ferli sem notað er við val endurskoðanda og veita umsögn um þá endurskoðendur sem tilnefndir eru

Endurskoðunarnefnd er ekki að skipta sér af framkvæmd endurskoðunarinnar enda er það alfarið á ábyrgð endurskoðandans og gera endurskoðunarstaðlar m.a. ráð fyrir því að endurskoðandi sætti sig ekki við afskipti af endurskoðuninni. Komi hinsvegar eitthvað alvarlegt eða mikilsvert upp við endurskoðunina þá er reglan sú að endurskoðandi óskar fundar með endurskoðunarnefnd og gerir henni grein fyrir því. Slíkt getur m.a. falist í frávikum sem koma upp eða að mikilvægismörk breytast, greind áhætta telst meiri en farið var af stað með, alvarlegar brotalamir koma í ljós í innra eftirliti sem hafa haft áhrif á reikningsskilin eða aðrir liðir.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er síðan að vakta innra eftirlitið. Það felst í að yfirfara að sú áhættugreining og það áhættumat sem innra eftirlit er byggt á sé reglulega skoðað og endurmetið og að brugðist sé við verulegri áhættu með viðeigandi hætti. Einnig að virkni innra eftirlits sé vöktuð og að brugðist sé við frávikum og að athugasemdir og ábendingar endurskoðanda varðandi innra eftirlit hljóti viðeigandi afgreiðslu. Erlendis hefur a.m.k. hjá stærri félögum tíðkast að aðgreina þann hluta vöktunar innra eftirlitsins sem felst í greiningu og mati áhættu og viðbrögðum við því frá eftirlitshlutunum og vöktun á virkni, til að tryggja óhæði eftirlitsþáttarins. Þetta er gert með því að koma á áhættunefnd (risk committee) sem hefur það hlutverk að yfirfara áhættugreiningu og áhættumat og koma með tillögur að úrbótum. Hlutverk endurskoðunarnefndarinnar er þá að meta úrbæturnar og fylgja eftir að innra eftirlitið virki eins og ætlast er til, ásamt samskiptum í tengslum við endurskoðunina.

Í grunninn er tilgangur með endurskoðunarnefnd að opna farveg til að stjórn geti dregið að fagþekkingu sérfræðinga til að fjalla um ákveðin mál sem eru á ábyrgð stjórnar eins og getið er hér að framan. Virk endurskoðunarnefnd er ráðgefandi við stjórn um ákveðna þætti í starfsemi félags, fyrst og fremst fjárhagslega, ásamt því að annast samskipti við endurskoðanda félagsins. Þróunin erlendis hefur verið að nýta meira og betur þessa sérfræðiþekkingu með því að endurskoðunarnefndin er orðinn helsti ráðgjafi stjórnenda um reikningsskilamál og val reikningsskilaaðferða. Sem er í sjálfu sér eðlileg þróun þar sem hlutverk endurskoðunarnefndar er einmitt að hafa skoðun á því

að reikningshaldsleg frásögn af fjárhagsstöðu félags og þróun hennar sé í samræmi við starfsemi félags og á grundvelli þeirra reglna sem fara ber eftir.

Fundir endurskoðenda og endurskoðunarnefnda eru tíðir. Bæði er að endurskoðandi er að afla þekkingar á innra eftirliti félags, sem m.a. er vaktað af endurskoðunarnefnd, auk þess að sækja upplýsingar um álitamál varðandi reikningsskil og val reikningsskilaaðferða. Krafan er sú að endurskoðendur eiga að gera nefndinni grein fyrir því sem þeir telja verulega endurskoðunaráhættu og hvernig þær áhættur verða höndlaðar í endurskoðuninni og að henni lokinni hvernig til tókst. Þeir þurfa einnig að upplýsa um mikilvægismörk við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar og hvernig þau ríma við mikilvægismörk félagsins við gerð reikningsskilanna og hvernig mikilvægismörkin höfðu áhrif á umfang endurskoðunarinnar auk fleiri þátta.

Í nýlegri könnun sem framkvæmd var af KPMG á 134 skráðum félögum (innan FTSE 350) þá kom fram að að meðaltali voru 5,5 liðir greindir sem veruleg áhætta, þ.m.t. áhætta af því að stjórn færi fram hjá innra eftirliti og áhætta af sviksemi í tekjuskráningu. Hérlandar endurskoðunarnefndir geta því borið saman þessar tölur við sína reynslu.

Almennt hafa endurskoðunarnefndir eingöngu skilað sínum niðurstöðum til stjórnar viðkomandi félags. Þegar er þó farið að bera á því að notendur reikningsskila séu farnir að óska eftir að fá skýrslur endurskoðunarnefnda. Þær eru taldar bæta við ýmsum mikilvægum upplýsingum, m.a. um innra eftirlit og virkni þess auk þess að vera ekki eins staðlaðar og skýrslur óháðra endurskoðenda.

Hérlandis er innleiðing starfshátta endurskoðunarnefnda ekki

komin jafn langt og erlendis. Um endurskoðunarnefndir er lítið fjallað í íslenskum lögum og reglum. Þær koma fyrir í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 þannig:

108. gr. a. Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd.

Stjórn einingar ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni. Framkvæmdastjóri viðkomandi einingar skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

108. gr. b. Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

108. gr. c. Í einingum tengdum almannahagsmunum skal tillaga stjórnar um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis byggjast á tilmælum frá endurskoðunarnefndinni.



Haustráðstefna.

108. gr. d. Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

... í lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 með eftirgreindum hætti:

4. tl. 1. Gr. Endurskoðunarnefnd: Eins og hún er skilgreind í IX. kafla A laga nr. 3/2006, um ársreikninga.
4. mgr. 19. gr. Endurskoðandi einingar tengdrar almannahagsmunum skal á hverju ári:
  1. staðfesta skriflega við endurskoðunarnefnd viðkomandi einingar að hann sé óháður hinni endurskoðuðu einingu,
  2. greina endurskoðunarnefndinni frá þeirri þjónustu sem einingunni er veitt auk endurskoðunar,
  3. ræða við endurskoðunarnefndina um hugsanlega ógnun við óhæði sitt og þær verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkri ógnun.
3. mgr. 20. gr. Endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum skal taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar í a.m.k. tvö ár samfelld eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið. Sama gildir um endurskoðendur þeirra dótturfélaga sem hafa verulega þýðingu innan samstæðunnar.
4. mgr. 20. gr. Endurskoðanda sem áritar endurskoðuð reikningsskil einingar tengdrar almannahagsmunum er ekki heimilt að taka við lykilstjórnunarstöðu hjá viðkomandi einingu fyrr en a.m.k. tvö ár eru liðin frá því að hann tók þátt í endurskoðun einingarinnar.

... og að lokum í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem hljóðar svo:

3. mgr. 16. gr. Innri endurskoðun skal reglulega gera stjórn og endurskoðunarnefnd grein fyrir starfsemi sinni.

Að öðru leyti er hlutverks endurskoðunarnefnda ekki getið í íslenskum lögum.

Ákvæði um endurskoðunarnefndir eru innleidd í íslensk lög á grundvelli Evróputilskipunar á árinu 2008. Fyrir þann tíma höfðu Kauphöllin og Viðskiptaráð sett leiðbeinandi reglur um æskilegan hátt varðandi endurskoðunarnefndir og starfsemi þeirra hjá félögum með skráð verðbréf í kauphöll.

Undangengin misseri hefur borið meir á endurskoðunarnefndum hjá íslenskum félögum með skráð verðbréf og grundvallast það á ofangreindum lögum og reglum. Þrátt fyrir regluverkið hafa endurskoðunarnefndir ekki áunnið sér sess í starfsháttum fyrirtækja á borð við það sem tíðkast erlendis.

Samskipti við endurskoðendur hafa hérlandis mest verið á ábyrgð framkvæmdastjóra eða fjármálastjóra, bæði varðandi endurskoðunina sjálfa og aðra þjónustu en um niðurstöður endurskoðunarinnar hjá stjórn. Þetta er smátt og smátt að

breytast. E.t.v. þurfa endurskoðendur að hjálpa þar til með því að beina samskiptum sem varða endurskoðunina og henni tengda öflun þekkingar á innra eftirliti og verklagi um það ekki fram hjá endurskoðunarnefndum.

Hér kann einnig að eiga þátt hlutverk endurskoðunarnefnda hvað varðar vöktun áhættugreiningar og áhættumats og því tengdum viðbrögðum kann að vera minni en erlendis. Almennt er áhættugreiningu og áhættumati lítið sinnt sem grunnþætti innra eftirlits. Fræðsla á því sviði er lítil í háskólum hér og beinist aðallega að endurskoðendum, þ.e. sem eftirlitsaðilum en minna að stjórnarmönnum og stjórnendum sjálfum sem í raun bera ábyrgð á uppbyggingu innra eftirlitsins.

Ákvæði ársreikningalaganna um endurskoðunarnefndir má e.t.v. laga. Þau hljóma að sumu leyti svona eins og löggjafinn hafi verið á báðum áttum um hvað gera skyldi, þ.e. hvort um undirnefnd stjórnar væri að ræða (eins og tíðkast erlendis) eða hvort um sjálfstæða nefnd væri að ræða sem ber sjálfstætt ábyrgð á ákveðnum þáttum í starfsemi fyrirtækja, (sjá 108. gr. c: 'Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra ....'). Ábyrgð sýnist að hluta tekin af stjórn, sem jafnan er lítið til sem æðsta valds félags utan hluthafafunda, og sett á endurskoðunarnefnd, a.m.k. er nefndin gerð meðábyrg án þess þó að fá vald til að fylgja þeirri ábyrgð eftir. Ekki er hægt að mæla með því að hafa þennan háttinn á. Hlutverk nefndarinnar er tilgreint í 5 liðum í ársreikningalögunum sem allir lúta að ábyrgðarsviði stjórnar, sjá tilvísun í ársreikningalög hér frammar. Fyrstu 4 eru eftirlitsþættir en sá 5., lesinn saman við næstu grein laganna þar á eftir, tekur í reynd yfir vald stjórnar til að leggja fyrir tillögu á aðalfundi til afgreiðslu og færir það til nefndarinnar. Stjórn skal leggja fyrir aðalfund tillögu um endurskoðanda en hún má ekki leggja aðra tillögu fram en þá sem endurskoðunarnefnd hefur gert. Hafa ber þó í huga að öllum hluthöfum er heimilt að leggja fram tillögur á hluthafafundum í þessu sambandi en þær tillögur hafa þá ekki fengið þá umfjöllun varðandi óhæði o.fl. sem tillaga nefndarinnar hefur væntanlega fengið. Rétt er hér að benda á þá þróun sem orðið hefur erlendis á þessu á þann veg að endurskoðunarnefndir leggja jafnan fram fleiri tillögur en eina og leiðir það til þess að hluthafafundur hefur í raun val um annað en eina tillögu.

Samandregið má því segja að meginmunur á hlutverki endurskoðunarnefndar skv. lögum og reglum hérlandis er sá að hér hafa þær eftirlit með störfum þeirrar stjórnar sem nefndina skipar og jafnvel að deila með stjórn ábyrgð en erlendis er hlutverk þeirra stuðningur við stjórn með því að skapa vettvang að faglegri umfjöllunar um ákveðna þætti sem eru á ábyrgð stjórnar og talin er nauðsyn til að fá sérfræðinga að. Á þessu er reginmunur og e.t.v. ekki hvetjandi fyrir stjórnir til að efla veg nefndanna, enda á eftirlit með starfsemi stjórnar að vera hjá hluthafafundum.

*Þórir Ólafsson*



Gæðaeftirlitsmenn.



Endurskoðunarnefnd.



Haustráðstefna.



Reikningsskiladagur.



Gæðanefnd.



Morgunkorn um ársreikninga.

| DAGUR     | VIÐBURÐUR           | STAÐUR      | FORM                    | EFNI                        | ÁÆTLAÐAR<br>EININGAR |
|-----------|---------------------|-------------|-------------------------|-----------------------------|----------------------|
| 7. jan.   | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur             | Skuggabankar                | 0,5                  |
| 15. jan.  | Námskeið            | Grand hótél | Námskeið                | Sviksemisáhætta             | 3                    |
| 16. jan.  | Skattadagur         | Grand hótél | Ráðstefna               | Skattamál                   | 4                    |
| 4. feb.   | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur             | Löggilding                  | 0,5                  |
| 19. feb.  | Morgunkorn          | Grand hótél | Námskeið - vinnustofa   | Gæðamál                     | 2                    |
| 4. mars   | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur             | Óákveðið                    |                      |
| 19. mars  | Morgunkorn          | Grand hótél | Námskeið - vinnustofa   | Óákveðið                    | 2                    |
| 8. apríl  | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur             | Óákveðið                    |                      |
| 16. apríl | Námskeið            | Grand hótél | Námskeið                | Reikningsskil               | 3                    |
| 17. apríl | Endurskoðunardagur  | Grand hótél | Ráðstefna               | Endurskoðun                 | 4                    |
| 6. maí    | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur             | Óákveðið                    |                      |
| 21. maí   | Morgunkorn          | Grand hótél | Námskeið - vinnustofa   | Óákveðið                    | 2                    |
| 4. sept.  | Gleðistund          | Grand hótél | Kynning                 | Óákveðið                    |                      |
| 8. sept.  | Námskeið            | Grand hótél | Námskeið                | Löggildingarpróf - yfirferð | 5                    |
| 17. sept. | Námskeið            | Grand hótél | Námskeið                | Endurskoðun                 | 3                    |
| 18. sept. | Reikningsskiladagur | Grand hótél | Ráðstefna               | Reikningsskil               | 4                    |
| 7. okt.   | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur             | Óákveðið                    |                      |
| 29. okt.  | Námskeið            | Grand hótél | Námskeið                | Óákveðið                    | 3                    |
| 30. okt.  | Haustráðstefna      | Grand hótél | Ráðstefna - vinnustofur | Fjölbreytt                  | 5                    |
| 30. okt.  | Aðalfundur          | Grand hótél | Félagsfundur            | Innri mál FLE               | 1                    |
| 19. nóv.  | Morgunkorn          | Grand hótél | Námskeið - vinnustofa   | Óákveðið                    | 2                    |
| 2. des.   | Hádegisfundur - jól | Grand hótél | Fyrirlestur             | Hugvekja                    |                      |
| 4. des.   | Námskeið            | Grand hótél | Námskeið                | Skattamál                   | 3                    |